

FÉLAG GRUNNSKÓLAKENNARA
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA
SKÓLASTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

SAMEIGINLEG
FRAMTÍÐARSÝN
FYRIR
GRUNNSKÓLASTARFIÐ
2007-2020

HRÖNN PÉTURSDÓTTIR, MBA
Nóvember 2007

1 EFNISYFIRLIT

1	EFNISYFIRLIT	2
2	INNGANGUR	3
3	ÞÁTTAKENDUR	5
4	UNDIRBÚNINGSVINNA	6
	VIÐTÖL	6
	FYRIRLIGGJANDI GÖGN	6
5	SKILGREINING Á STARFSEMI SKÓLA OG TENGÐRI ÞJÓNUSTU	7
6	STEFNUMIÐUÐ ÁRANGURSSTÝRING	9
7	HLUTVERK, GILDI, FRAMTÍÐARSÝN OG STEFNA	11
	HLUTVERK	11
	GILDI	12
	FRAMTÍÐARSÝN	12
	STEFNA	12
8	MARKMIÐ, MÆLIKVARÐAR, VIÐMIÐ OG AÐGERÐIR	14
9	NÆSTU SKREF	30
10	VIÐAUKI 1 - SKILGREININGAR ORÐA OG HUGTAKA	32
11	VIÐAUKI 2 – NIÐURSTÖÐUR VIÐTALA	34
12	VIÐAUKI 3 – SAMANTEKT Á ÁLITUM, TILMÆLUM OG SKOÐUNUM	41

2 INNGANGUR

Í apríl 2007 settu Félag grunnskólakennara, Skólastjórafélagið og Samband íslenskra sveitarfélaga á laggirnar verkefnisstjórn sem hafði það hlutverk að fylgja eftir samkomulagi Launanevndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna grunnskólans í tengslum við ákvæði 16.1 í síðasta kjarasamningi. Markmið verkefnisins var skilgreint að móta sameiginlega framtíðarsýn sveitarstjórnarmanna, skólastjórnenda og kennara um það hvernig skólastarfinu verði best hagað með hagsmunum nemenda að leiðarljósi.

Í verkefnisstjórninni sátu Auður Árný Stefánsdóttir, skólastjóri Laugalækjarskóla, fyrir hönd Skólastjórafélagsins, Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri menntasviðs Reykjavíkurborgar, fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þórður Á Hjaltested varaformaður Félags grunnskólakennara. Svandís Ingimundardóttir, þróunar- og skólafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, var hópnum til aðstoðar. Hrönn Pétursdóttir, MBA, var ráðin til að stilla upp aðferðafræði og leiða þátttakendur í gegnum stefnumótunarsvinnuna.

Undirbúningur hófst í maí 2007 og vinnunni lauk í lok október 2007. Niðurstaðan var sameiginleg sýn þátttakenda á hlutverk, framtíðarsýn, gildi og stefnu til ársins 2020, ásamt því sem markmið, mælikvarðar, viðmið og aðgerðir voru kortlögð. Efnið er sett fram í stefnukorti og skorkorti, í anda aðferðafræði stefnumiðaðs árangursmats (e. Balanced Scorecard).

Verkferlið fólst í því að fyrst var aflað bakgrunnsgagna í gegnum viðtöl annars vegar og fyrirbyggjandi gögn hins vegar (sjá nánar í kafla 4). Af fyrirbyggjandi gögnum var tekið saman yfirlit yfir allar helstu skýrslur og rannsóknir sem unnar höfðu verið og töldust skipta máli. Þessum gögnum var síðan safnað saman og höfð til staðar á fundum til að hægt væri að leita í þeim eftir þörfum. Jafnframt fékk verkefnisstjórn leyfi menntamálaráðuneytis til að nota samantekt á því sem bókað var í fundargerðir grunnskólalaganefndar um álit, tilmæli og skoðanir hagsmunaaðila er komu fyrir nefndina. Unnið var úr viðtölum og samantektinni inn í kynningu sem farið var í gegnum með þátttakendum í stefnumörkuninni (sjá í köflum 11 og 12).

Samhliða þessari undirbúningsvinnu var ákveðið að stækka þann hóp fulltrúa sem kæmu að vinnu við mótun framtíðarsýnar og stefnu. Lista yfir þá sem tóku þátt er að finna í kafla 3.

Að lokinni undirbúningsvinnu hittist síðan allur hópurinn á tveggja daga fundi í júní og aftur á eins dags fundi í ágúst. Þessir dagar voru notaðir til að skoða skólastarf og samfélagsþróun og í framhaldi var byrjað að móta framtíðarsýn og stefnu fyrir grunnskólakerfið til ársins 2020. Þegar grunnur var kominn að slíku var þátttakendum skipt upp í fjóra fámennari vinnuhópa. Vinnuhóparnir hittust samtals í alls 12 skipti, í einn dag í hvert sinn, og útfærðu stefnuna frekar, ásamt því að leggja drög að markmiðum, mælikvörðum, viðmiðum og aðgerðum sem tengjast framkvæmd stefnunnar. Þessi hópavinna átti sér stað í september og fyrri hluta október, og í lok október hittist hópurinn allur í einn dag og yfirfór heildar sýnina, breytti og aðlagaði. Í lok þess fundar lýstu þátttakendur sig sátta við niðurstöðuna.

Í upphafi vinnufundanna var rammi vinnunnar skilgreindur með eftirfarandi hætti:

- Ætlunin væri að móta sameiginlega framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið í landinu
- Hluti af vinnunni væri að fá sameiginlegan skilning á því hvað sú sýn þýðir, hverju hún skilar og hægt væri að áætla í framhaldi hvað kosti að koma henni í framkvæmd
- Nauðsynlegt væri að fara úr því daglega og því smáa, í það að horfa á heildarmyndina og spá fyrir um framtíðina
- Allir við borðið væru samherjar, en kæmu með sitt hverja nálgunina og sjónarhornið, bæði sem hópar og einstaklingar

Skýrslan sem kemur hér á eftir lýsir niðurstöðum umræðna úr vinnuferlinu, sem og því stefnukorti og skorkorti sem stóð eftir við vinnulokin í lok október.

3 ÞÁTTAKENDUR

Eftirtaldir fulltrúar Félags grunnskólakennara, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélagsins tóku þátt í mótun framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið. Við val á þátttakendum var horft til hlutverks þeirra innan félaga sinna, en einnig leitast við að hafa fjölbreytni í reynslu og aðstæðum hvað varðar t.d. stærð og staðsetningu skóla og sveitarfélaga.

- Albert Eymundsson, Samband íslenskra sveitarfélaga
- Anna Lind Ragnarsdóttir, Skólastjórafélagið
- Ásta Ólafsdóttir, Félag grunnskólakennara
- Auður Árný Stefánsdóttir, Skólastjórafélagið
- Baldur Þorsteinsson, Félag grunnskólakennara
- Brynja Áslaug Sigurðardóttir, Félag grunnskólakennara
- Gerður G. Óskarsdóttir, Samband íslenskra sveitarfélaga
- Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, Skólastjórafélagið
- Guðlaug Sturlaugsdóttir, Skólastjórafélagið
- Gunnar Einarsson, Samband íslenskra sveitarfélaga
- Gunnar Gíslason, Samband íslenskra sveitarfélaga
- Helga Guðmundsdóttir, Samband íslenskra sveitarfélaga
- Helgi Arnarsson, Skólastjórafélagið
- Inga María Friðriksdóttir, Félag grunnskólakennara
- Jóhannes Þór Skúlason, Félag grunnskólakennara
- Kristín Hreinsdóttir, Samband íslenskra sveitarfélaga
- Kristín Jónsdóttir, Félag grunnskólakennara
- Oddný Harðardóttir, Samband íslenskra sveitarfélaga
- Ragnar Þorsteinsson, Samband íslenskra sveitarfélaga
- Svandís Ingimundardóttir, Samband íslenskra sveitarfélaga
- Þórður Á. Hjaltsted, Félag grunnskólakennara
- Þorgerður L. Diðriksdóttir, Félag grunnskólakennara
- Valgerður Freyja Ágústsdóttir, Samband íslenskra sveitarfélaga

4 UNDIRBÚNINGSVINNA

Í upphafi verkefnisins var ákveðið að aflað bakgrunnsgagna í gegnum viðtöl annars vegar og fyrirliggjandi gögn hins vegar.

VIÐTÖL

Verkefnisstjórn ákvað að leitað yrði eftir viðtölum við :

- Björgu Ágústsdóttur, fv. bæjarstjóra
- Gerði G. Óskarsdóttur, fv. fræðslustjóra
- Guðna Olgeirsson, menntamálaráðuneyti
- Harald Finnsson, skólastjóra
- Ingvar Sigurgeirsson, Kennaraháskóla Íslands
- Maríu Kristínu Gylfadóttir, Heimili og skóli

Ekki tókst að ná fundi með Björgu innan þess tímaramma sem var til staðar, en í viðtali við Harald Finnsson tóku jafnframt þátt tveir fyrrverandi skólastjórnendur, þeir Ellert Borgar og Gunnlaugur Sigurðsson. Hrönn Pétursdóttir tók viðtölin og vann úr þeim, en allir fengu viðmælendur eftirfarandi spurningar sendar til sín fyrirfram:

- Hver hafa lykilmálin í þróun grunnskólanna verið undanfarin 20 ár?
- Hvað af þessu er líklegt til að hafa áhrif á þróun skólakerfisins í framtíðinni?
- Hvað er að breytast í ytra umhverfi skólanna sem kallar á breytingu í skólakerfinu?
- Hvað er að breytast í innra umhverfi skólanna sem kallar á breytingu í skólakerfinu?
- Hvaða þróun hefur átt sér stað undanfarin ár, sem gerir það að verkum að það eru ónýtt tækifæri fyrir grunnskólana? Hver eru þessi tækifæri?
- Hvaða þróun hefur átt sér stað undanfarin ár, sem gerir það að verkum að grunnskólarnir standa frammi fyrir vandamálum? Hver eru þessu vandamál?
- Eru einhverjar væntingar sem (nemendur, foreldrar, starfsmenn, samfélagið, ríkisvaldið) hafa til skólanna, sem þeir eru ekki að ná að mæta?

Samantekt á niðurstöðum viðtala er í viðauka í kafla 11.

FYRIRLIGGJANDI GÖGN

Að teknu tilliti til þess að grunnskólalaganefnd á vegum menntamálaráðuneytisins hafði nýlokið störfum, ákvað verkefnisstjórn að ekki væri þörf á að grunnvinna öll fyrirliggjandi gögn sérstaklega. Í staðinn var leitað til ráðuneytisins um leyfi til að fá gögn sem komu út úr vinnu grunnskólalaganefndar til notkunar. Ráðuneytið gaf verkefnisstjórn góðfúslega leyfi til að fá og nota samantekt á því sem bókað var í fundargerðum grunnskólalaganefndarinnar, en hún hafði fengið álit, tilmæli og skoðanir nokkurra tuga aðila.

Svandís Ingimundardóttir vann úr og flokkaði umsagnirnar í samantektinni fyrir verkefnisstjórnina. Í framhaldi var búin til kynning sem fór fyrir vinnuhópinn til umhugsunar. Innihald þeirrar kynningar má sjá í viðauka í kafla 12.

5 SKILGREINING Á STARFSEMI SKÓLA OG TENGDRI ÞJÓNUSTU

Mikil umræða átti sér stað á fundum vinnuhóps í júní og ágúst um það hver kjarnastarfsemi skóla væri, eða hvaða þjónustu þeim bæri að veita. Var því ákveðið að gróflega telja upp og sundurliða þjónustu tengda skólastarfsemi og skólabyggingum innan þriggja flokka: 1. þjónustu sem skólastofnunin bæri ábyrgð á, 2. þjónustu sem ætti sér stað innan skólabyggingar en væri á ábyrgð annarra og 3. þjónustu sem tengdist skólastarfsemi en væri á ábyrgð annarra og veitt utan skólabyggingar.

Öll þjónusta sem þátttakendum datt í hug var listuð upp og sett undir einhvern af þessum þremur flokkum. Niðurstaðan var eftirfarandi:


1. Sú þjónusta sem skólinn bæri ábyrgð á
 - Nám
 - Kennsla
 - Félagsfærni
 - Greining / inngrip
 - Skólasafn
 - Námsgögn
 - Námsmat
 - Samskipti við heimili
 - Mötuneyti
 - Sérkennsla
 - Sérfræðiþjónusta (sálfræðingur, greining, kennsluráðgjöf, sérkennsluráðgjöf)
 - Húsnæði / starfsfólk
 - Skólaakstur
 - Upplýsingagjöf
 - Gæsla – sérþarfir, frímínútur, ferðalög, veikindi
 - Heimavist
 - Félagsstarf
 - Endurmenntun
 - Neyðaráætlanir
 - Forvarnir
2. Þjónusta sem veitt er innan skólabyggingar, en starfsemin er ekki á ábyrgð skólans. Skólinn þarf að hafa skilvirk ferli til að tengjast þessum aðilum.
 - Nám
 - Félagsfærni
 - Talkennsla
 - Tómsstunda / frístundastarf
 - Heilsdagsskóli / gæsla
 - Skólasafn
 - Velferðarþjónusta (félagsþjónusta)
 - Heilbrigðisþjónusta (hjálpartæki)
 - Félagsstarf
 - Áfallahjálp
 - Húsnæði / starfsfólk
 - Forvarnir

3. Stoðþjónusta sem skólar tengjast en er veitt af öðrum aðilum og utan skólasvæðis.
- Félagshæfni
 - Talkennsla
 - Greiningar / inngrip
 - Skólasafn
 - Velferðarþjónusta (félagshjónusta)
 - Heilbrigðisþjónusta (hjálpartæki)
 - Félagshstarf
 - Hverfislögregla
 - Áfallahjálp
 - Sálgæsla
 - Forvarnir

6 STEFNUMÍÐUÐ ÁRANGURSSTÝRING

Stefnumótun má lýsa sem kerfisbundnu ferli sem skilgreinir þau forgangsatriði sem þarf að leggja áherslu á til að geta uppfylla skilgreint hlutverk og brugðist við breyttu starfsumhverfi.

Ferlið við stefnumótunina má sjá á myndinni hér á eftir, en til viðbótar er oft bætt við skilgreiningu á gildum. Á meðan mótunarferlið er sýnt línulaga, þá er yfirleitt raunin sú að vinna við eitt atriði ferlisins leiðir til endurskoðunar á atriði sem áður var búið að vinna.



Fyrri hluti ferlisins, þ.e. frá hlutverki til markmiða, snýst um að ákveða hvaða stöðu skipulagsheildin vill vera í eftir tilgreindan tíma. Hlutverkið er til langs tíma og skilgreinir af hverju skipulagsheildin er til og á hvaða vettvangi hún starfar. Framtíðarsýn malar hins vegar framtíðina með orðum, eða lýsir á myndrænan hátt hvernig árangur lítur út. Hún skýrir hvað skipulagsheildin vill vera, og er líkleg til að ná til 10 ára eða meira. Gildin draga aftur á móti fram hvað það er sem skiptir máli í daglegri hegðun og viðmóti.

Stefnan er nokkurs konar leikáætlun sem skilgreinir hvaða leiðir eru farnar til að ná árangri, hún forgangsraðar hvað er gert eða ekki gert. Stefnuna þarf að endurskoða mjög reglulega, til að meta hvort hún var rétt mótuð og hvort hún er enn í gildi miðað við ytri og innri umhverfi. Markmiðin skilgreina síðan hvaða starfssvið þarf að leggja áherslu til að uppfylla stefnuna, og geta gilt mis lengi eftir því hversu umfangsmikil þróunin er sem þau ná til.

Mælikvarðarnir skilgreina með hverju á að fylgjast, með mælingum, til að vita hvaða árangri er verið að ná í að gera stefnu og framtíðarsýn að veruleika. Viðmiðin sýna

Þá hvað telst vera viðunandi árangur, í samanburði við ákveðna grunnstöðu. Viðmiðin gera verið langtíma, skammtíma og / eða eitthvað þar á milli.

Aðgerðirnar draga síðan fram hvað þarf að gera til að ná árangri, og aðföngin sýna hvað þarf til að geta unnið aðgerðirnar.

Hafa þarf í huga að stefnumótun og allt sem á bak við slíkt stendur, er lifandi ferli. Þegar niðurstöður mælinga liggja fyrir þarf því að endurskoða framtíðarsýn, stefnu, markmið, mælikvarða eða viðmið því í ljós getur komið að eitthvað hefur verið hugsað rangt – auk umhverfið þróast með öðrum sniði en gert hafði verið ráð fyrir í stefnumótunarvinnunni. Með sama hætti þarf að fara yfir þær aðgerðir sem unnið hefur verið að eða eru fyrirsjáanlegar, og taka ákvörðun hvort þurfi að breyta, hætta við eða bæta einhverju við.

7 HLOTVERK, GILDI, FRAMTÍÐARSÝN OG STEFNA

HLUTVERK

Vinnuhópurinn skoðaði þau grunnskólalög sem nú eru í gildi, en í markmiðsgrein laganna segir:

„Hlutverk grunnskólans, í samvinnu við heimilin, er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun.“

Í umræðu á fundinum fannst þátttakendum ekki þörf á að skilgreina hlutverk grunnskólans með öðrum hætti en gert væri í lögum. Hins vegar væri þörf á sameiginlegum skilningi á því þetta hlutverki þýddi. Niðurstaðan á umræðu þar að lútandi var að:

- um opna starfsemi væri að ræða
- samvinna heimilis og skóla er forsenda
- hlutverk hafa breyst, t.d. er varðar ábyrgð nemenda, foreldra, skóla, samfélags
- hlutverkið kallar á fjölbreyttar leiðir (alhliða þroski allra og undirbúningur fyrir þjóðfélag í sífelldri þróun) og úrræði í starfsháttum og mati
- túlka þarf þroska vítt – alhliða, allra, skóli án aðgreiningar, áhersla á félagslegan, líkamlegan og andlegan þroska
- fræðsla hefur þróast í:
 - leiðsögn
 - umhyggju
 - skipulag
 - virka lýðræðisþátttöku
- finna þarf hverjum og einum þroskafarveg til að geta tekið fullan þátt í þjóðfélaginu
- skólanum ber að veita bjargir til að þroskast + vera virkur + sýna áhuga + komast af
- leita þarf leiða til að leysa verkefni í stað þess að byggja upp ákveðna staðreyndabekkingu
- efla þarf sjálfstæð vinnubrögð allra í skólanum
 - samvinnuhæfni
 - félagsfærni
 - lýðræðisleg vinnubrögð
 - umburðarlyndi
- breyting hefur orðið í átt til þátttöku
 - samskiptafærni
 - umburðarlyndi
 - sjálfstæði
 - jafnrétti
 - virðing
 - gagnrýnin hugsun
- hlutverk í skólasamfélaginu þurfa að vera skýr og sameiginleg

GILDI

Með sama hætti dró hópurinn fram að grein 1.2 í grunnskólalögnum setti einnig fram gildi skólanna

“Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi.”

FRAMTÍÐARSÝN

Hópurinn mótaði framtíðarsýn grunnskólans sem eftirfarandi:

Grunnskólinn er ein af meginstoðum samfélagsins. Grunnskólastarfið er undirstaða framþróunar fyrir einstaklinginn og þjóðfélagið.

STEFNA

Stefna grunnskólans til 2020 var sett fram í svokölluðu stefnukorti. Hlutverk, gildi og framtíðarsýn eru sýnd þar efst, og neðst eru þeir tveir ytri þættir sem setja helst mark sitt á þróun í skólastarf, þ.e. lög, reglur og námsskrá, ásamt breytingum í samfélaginu.

Meginmarkmið stefnunnar er síðan sett fram, en allt sem gert er samkvæmt stefnunni á að leiða að uppfyllingu þessa meginmarkmiðs.

Stefnan sjálf er svo sett fram undir meginmarkmiðinu, og er hún flokkuð í þrjár víddir - nemendur, innri ferli og lærdóm og þróun. Undir nemendur eru þeir þjónustubættir sem þarf að leggja áherslu á til að ná meginmarkmiði. Undir innri ferlum eru síðan þeir þættir í innra starfi skólanna sem þurfa að vera í lagi til að hægt sé að veita nemendum þá þjónustu sem þeir þurfa. Undir lærdómi og þróun eru svo þau atriði sem þurfa að vera í sífelldri þróun til að hægt sé að hafa innri ferlin skýr og skilvirk hverju sinni.

Hvert stefnuþáttur er settur fram í eigin „kassa“. Kortið er síðan lesið ofan frá - til að hægt sé að veita góða þjónustu þurfa innri ferlar að vera í lagi og til að innri ferlar séu í lagi þarf að vera stöðugur lærdómur og þróun. Örvagnar á milli kassanna lýsa orsaka og afleiðingasamhengi. Ef mæling sýnir þannig að ekki er að nást góður árangur í t.d. þverfaglegri samvinnu, þá er líkleg afleiðing að ekki sé ljóst hver ber ábyrgð á hverju, o.s.frv.

Hlutverk grunnskólans, í samvinnu við heimilin, er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun.

Gildi grunnskólans er að þeita starfsháttum sem mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi.


(Tekið úr lögum um grunnskóla, nr. 66 frá 1995)

Framtíðarsýn

Grunnskólinn er ein af meginstoðum samfélagsins.

Grunnskólastarfið er undirstaða framþróunar fyrir einstaklinginn og þjóðfélagið.

Meginmarkmið stefnunnar er að hámarka gæði skólstarfs til að nemendur verði ánægðir og með jákvæða sjálfsmynd. Þeir búi yfir færni og löngun til að læra, til að viðhalda þekkingu og leikni og séu undirbúnir fyrir virka þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun.



Þróun og kröfur samfélagsins

Lög, reglugerðir og aðalnámskrá

8 MARKMIÐ, MÆLIKVARÐAR, VIÐMIÐ OG AÐGERÐIR

Í framhaldi af gerð stefnukortsins sem kynnt var í kaflanum hér á undan voru markmið útfærð fyrir hvern stefnupátt. Með því var forgangsraðað hvað leggja þyrfti áherslu á á næstu árum. Síðan var ákveðið hvað best væri að mæla til að fylgjast með því hvernig gengi að ná markmiðum, svo var skilgreint hvaða árangri ætti að ná með setningu viðmiða, og að lokum var lagt til hvaða aðgerðir þyrfti að fara í til að ná tilsettum árangri.

Eftir er að mæla grunnstöðu í flestum tilfellum og því þarf að endurskoða viðmið þegar fyrsta mæling hefur farið fram. Með sama hætti þarf að endurskoða markmið þegar skilgreindum árangri hefur verið náð, eða ef í ljós kemur að markmiðin eru ekki rétt eða þau mikilvægustu. Sama á við um mælikvarðana og mælikvarðasettið, með mælingum getur komið í ljós að mælikvarði hvetur til rangrar hegðunar, erfiðara er að mæla en talið var, hann gefur ekki þær upplýsingar sem til var ætlast eða er ekki notaður og því enginn tilgangur að halda mælingu áfram. Niðurstöður mælinganna gefa jafnframt til kynna hvort endurskoða þurfi aðgerðaráætlunina, bæta í á einum stað ef árangur er ekki að nást, eða hætta við ákveðnar aðgerðir ef markmiðum er náð fyrr en gert var ráð fyrir.

Svokallað skorkort hér á eftir setur niðurstöðu vinnuhópsins fram hvað varðar markmið, mælikvarða, viðmið og aðgerðir, og er það lesið frá vinstri til hægri. Þar sem brotin lína er á milli aðgerða er átt við að ein aðgerð eða hópur aðgerða á við framkvæmd til að ná árangri á setti mælikvarða.

Vidd	Stefnupáttur	Markmið	Mælikvarði	Viðmið, 2020	Aðgerðir
Nemendur	Menntun, félagsfærni og lýðheilsa sem stuðlar að alhliða þroska og vellíðan nemenda	Nemendur takist á við fjölbreytt viðfangsefni og verkefni sem stuðla að alhliða þroska þeirra og aukinni siðferðiskennd	Hlutfall nemenda sem telja sig takast á við fjölbreytt, skapandi og ögrandi viðfangsefni í skólanum	100%	Breyta hugsun í námskrá, úr x margar mínútur pr. faggrein, í x margar klukkustundir á viku - innan þeirra klukkustunda er hægt að ráðstafa tíma í greinar samkvæmt þörfum nemandans
					Finna raunhæfar leiðir til að tryggja aukið vægi list- og verkgreina í grunnskólanámi

					Pverfagleg samkennd verði kennd í grunn- og endurmenntun kennara
		Hlutfall nemenda sem telja sig hafa áhrif á það hvaða viðfangsefni þeir taka fyrir í náminu	100%		Hvetja skóla til að gefa nemendum tækifæri á að taka þátt í ákvörðun um viðfangsefni í námi og verkefni hvers og eins
		Hlutfall nemenda sem líður vel í skólanum	100%		Gera aðgerðaráætlun vegna einstakra nemenda sem líður illa í skólanum
		Fjöldi námsmatsaðferða sem notaðar eru innan skóla, yfir skólaárið	Lágm. 10		Hafa markvissa jákvæða samskipta- og agastefnu
					Innan hvers skóla verði beitt fjölbreyttum námsmatsaðferðum
					Kennarar skrái notkun námsmatsaðferða inn í Mentor/gagnagrunn
	Virkt samvinna innan og milli skóla og skólastiga til að tryggja að nemandi geti stundað nám á eigin hraða	Hlutfall nemenda sem stunda nám á tveimur skólastigum í einu	15%		Skýra ábyrgð og verklagsreglur vegna nemenda sem stunda nám á tveimur skólastigum, óháð tegund náms
		Hlutfall skóla sem bjóða upp á að nemandi stundi nám á eigin hraða	100%		Gera upplýsingagjöf um nemendur skilvirkari á milli skólastiga
		Hlutfall nemenda sem telja sig stunda nám á viðeigandi hraða	100%		Finna leiðir til að nemendur geti stundað nám á eigin hraða innan skóla
		Hlutfall foreldra sem telur nám barnsins á viðeigandi hraða	100%		Upplýsa nemendur og foreldra um valkosti í hraða náms
		Hlutfall skóla þar sem kennarar úr fleiri en einum árgangi vinna saman	80%		Skilgreina tíma fyrir samvinnu milli árganga og námshópa
		Hlutfall skóla þar sem samvinna er innan árgangs	100%		Skilgreina tíma fyrir samvinnu innan árgangs
	Nemendur öðlist félagsfærni og jákvæða sjálfsmynd	Sjá matslista Reykjavíkurborgar fyrir kennara - yfirfæra á landsvísu	Matslisti		Ákveða aðgerðir eftir fyrstu niðurstöðu úr matslista
	Virkt samstarf samfélags og fagaðila um forvarnir	Fjöldi samstarfssamninga skóla við ytri aðila, um forvarnir	Lágm. 10		Halda uppi öfluglu félags- og tólmundastarfi innan skóla

		til að stuðla að góðri lýðheilsu			<p>Auka samstarf skóla og foreldra við félagsmiðstöðvar, íþróttafélög og frístundasamtök vegna forvarna</p> <p>Skipuleggja ráðstefnu um skólabrag, hvernig hægt er að móta hann og hverju hann geti skilað</p> <p>Færa aukna ábyrgð á félagsstarfi í hendur nemenda</p> <p>Tryggja samstarf milli stofnana með skilgreindri aðkomu fulltrúa frá t.d. lögreglu, félagsþjónustu, heilbrigðisyfirvöldum o.s.frv. inn í skólana</p>
Fjölbreytni í skólagæðum, námsleiðum, kennsluaðferðum, námsaðferðum og námsgögnum	Hver grunnskóli velur námsleiðir, kennsluaðferðir, námsaðferðir og námsgögn, í samræmi við þarfir nemenda, skólastefnu og þróun samfélagsins	Meðalfjöldi námsleiða sem skólar bjóða upp á	Fylgjast með þróun, ekki reyna að stýra	Hvetja skóla til að marka sér stefnu sem útfæri þær mismunandi námsleiðir, kennsluaðferðir og námsaðferðir sem skóli býður upp á	
		Hlutfall nemenda sem telja sig hafa námsgögn við hæfi	100%	Fá menntamálaráðuneyti til að leggja nægilegt fé til Námsgagnastofnunar til þróunar og aukinnar fjölbreytni framboðs á námsgögnum	
		Hlutfall kennara sem telja að námsgögn henti þeim námsaðferðum og því viðfangsefni sem þeim er ætlað að koma til skila	100%	Hvetja kennara til að nota fjölbreytt námsgögn	
		Hlutfall nemenda sem segja námsaðferðir hæfa sér	100%	Markviss kennsla á námstækni og námsaðferðum frá upphafi skólagöngu	
		Hlutfall nemenda sem segja kennsluaðferðir hæfa sér	80%	Hvetja skóla til að fjalla um mismunandi kennsluaðferðir og hvernig hægt er að aðlaga þær nemendum	
		Hlutfall kennara sem segjast nota kennsluaðferðir sem hæfa sér	100%	Hvetja skóla til að standa fyrir þróunarverkefnum á sviði kennsluaðferða og námsmats	

		Hlutfall kennara sem segjast nota kennsluaðferðir sem taka mið af þörfum nemenda	100%	Setja á laggirnar samvinnu milli grunnskóla, þar sem kennarar fara á milli og sjá kennsluaðferðir í notkun
		Hlutfall kennara sem segjast nota fjölbreyttar kennsluaðferðir	100%	Fá kennaramenntunarstofnanir til að bæta inn í námsefni og starfsþjálfun grunnnáms fleiri verkfærum og aðferðafræðum í kennslu
	Framfylgja stefnu skóla þar sem skólastarf er sveigjanlegt og skapandi og býður hverjum nemanda upp á nám við hæfi	Hlutfall nemenda sem telja skólastarf vera sveigjanlegt	100%	Hvetja skóla til að marka sér stefnu sem útfæri sveigjanlegt og skapandi skólastarf og fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir
		Hlutfall starfsfólks sem telja skólastarf vera sveigjanlegt	100%	
		Hlutfall foreldra sem telja skólastarf vera sveigjanlegt	100%	
		Hlutfall foreldra sem telja skólastarf vera skapandi	100%	
		Hlutfall nemenda sem telja skólastarf vera skapandi	100%	
		Hlutfall starfsfólks sem telja skólastarf vera skapandi	100%	
	Foreldrar geti valið skóla fyrir barn sitt út frá stefnu og áherslum skóla, þar sem því verður við komið	Hlutfall foreldra sem þekkja stefnu og áherslur skóla	90%	Sveitarfélög marki sér stefnu og verkreglum um skólaval
		Hlutfall sveitarfélaga sem býður foreldrum að velja skóla fyrir barn sitt innan og milli sveitarfélaga	50%	Kynna foreldrum valkosti um skóla
	Hver grunnskóli ákveði innra stjórnfyrirkomulag í samráði við rekstraraðila	Hlutfall skólustjóra sem segjast taka þátt í ákvörðun um innra stjórnfyrirkomulag	100%	Hvetja sveitarfélög til að marka þetta í skólastefnu
		Hlutfall sveitarfélaga sem segjast taka ákvörðun um innra stjórnfyrirkomulag í samráði við	100%	

		skólana		
Jafnræði í aðgengi að námi og umgjörð skólastarfs	Öllum nemendum tryggt sambærilegt aðgengi að aðstöðu, námi og tengdri þjónustu	Hlutfall nemenda sem þurfa að ferðast meira en 60 mínútur á dag til að stunda nám	Hámark 10%	Sveitarfélög geri samkomulag sín á milli um að barn geti gengið í næsta skóla, ef það kys slíkt og lengra er í skóla á vegum sveitarfélags barnsins Setja á laggirnar þróunarverkefni þar sem leitað er leiða til að nýta tæknina til að stuðla að auknu jafnræði einstaklinga í aðgengi að námi
		Hlutfall skóla sem bjóða upp á hollar skólamáltíðir sem lúta manneldismarkmiðum	100%	Gera ráð fyrir stöðugildum í kringum skólamáltíðir í mannaflaáætlunum skóla Sveitarfélög tryggi að skólamáltíðir uppfylli næringarfræðileg viðmið Skólamáltíðir séu notaðar til að kenna börnum að meta hollan mat
		Hlutfall sveitarfélaga þar sem í boði er að allt nám eigi sér stað innan skólans	Fylgjast með þróun, ekki reyna að stýra	
		Hlutfall skóla sem uppfylla kröfur reglugerðar um lágmarksaðstöðu grunnskóla	100%	Upplýsa sveitarfélög um reglugerð um lágmarksaðstöðu grunnskóla Upplýsa foreldra og starfsfólk um kröfur í reglugerð um lágmarksaðstöðu grunnskóla, og hvetja til eftirlits með framkvæmd
		Fjöldi barna sem hafa búsetu- eða lífsstíl sem krefst sveigjanleika af hendi skólayfirvalda	Fylgjast með þróun, ekki reyna að stýra	Skólar skili í lok hvers árs greinargerð til sveitarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga

		Kennsla, námsgögn og námsferðir séu nemendum að kostnaðarlausu	Hlutfall sveitarfélaga þar sem nám nemenda í grunnskólum á framhaldsskólastigi sé þeim að kostnaðarlausu	100%	Rekstraraðilar geri ráð fyrir námsgögnum, námsferðum og námi á framhaldsskólastigi í forsendum fjárveitinga
			Hlutfall sveitarfélaga þar sem námsgögn eru nemendum að kostnaðarlausu	100%	
			Hlutfall sveitarfélaga þar sem námsferðir eru nemendum að kostnaðarlausu	100%	
		Tækni sé nýtt í kennslu og námi	Fjöldi barna sem stunda grunnskóla í fjarnámi að hluta eða öllu leyti	Fylgjast með þróun, ekki reyna að stýra	Skólar skili í lok hvers árs greinargerð til sveitarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga
			Fjöldi grunnskólabarna sem ekki hefur aðgengi að háhraðaneti heima	0	Skólar skili í lok hvers árs greinargerð til sveitarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga
Vídd					
Innri ferli	Nám og kennsla við hæfi hvers og eins og lýðræðisleg vinnubrögð	Nemendur setja sér markmið í námi til skemmri og/eða lengri tíma í samvinnu við kennara og foreldra, gera áætlun og meta árangur	Hlutfall skóla sem ætla nemendum að setja sér markmið	100%	Útbúa dæmi um markmiðasetningu, þar sem eru fyrirframgefnir ýmsir valmöguleikar fyrir nemendur
			Hlutfall nemenda í 4- 10 bekk sem telja sig hafa áhrif á skipulag náms síns	90%	Hjálpa nemendum að þekkja sinn námsstíl og taka mið af honum við markmiðsgerðina Kenna nemendum að setja sér markmið
			Hlutfall foreldra sem telja sig hafa áhrif á skipulag náms barns síns	90%	Hver skóli hanni sitt verkferli fyrir markmiðasetningu Hver skóli hanni sitt eyðublað fyrir markmiðasetningu

		Hlutfall foreldra sem telja sig fá tækifæri til að koma að mati á árangri sem náðist, út frá markmiðasetningu barns síns	90%	
		Hlutfall nemenda í 4- 10 bekk sem telja sig hafa komið að mati á árangri sem náðist, út frá eigin markmiðasetningu	90%	
	Fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir, og viðeigandi námsgögn	Hlutfall skóla sem hafa skilgreint fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir í stefnuskrá sinni	100%	Virk og aðgengileg ráðgjöf til starfsmanna skóla, við innleiðingu fjölbreyttra náms- og kennsluaðferða
		Hlutfall foreldra sem telja að börnum sínum sé mætt með kennsluaðferðum við hæfi	90%	Sýnileg starfsáætlun skóla Virk og margbreytileg símenntun um kennsluhætti Fyrir liggja skilgreind viðmið um nám við hæfi hvers og eins, sbr. matstæki um einstaklingsmiðað nám hjá Reykjavíkurborg Skilvirkt upplýsingastreymi til forelda, og skipulagðar heimsóknir
		Hlutfall kennara sem telja sig hafa aðgang að viðeigandi námsgögnum	90%	Beita sér fyrir eflingu námsgagnagerðar Hvetja skólastjórnendur og kennara til að kynna sér vörur og vefi, s.s. Námsgagnastofnunar Hvetja kennara að nýta sér það efni og leiðbeiningar með kennslufni sem er til
		Hlutfall skóla sem vinna samkvæmt stefnu sinni og starfsáætlun	100%	Útbúa skilgreiningu á starfsáætlun Nýta ráðgjöf um það hvernig eigi að móta stefnu og búa til starfsáætlun
	Fjölbreytt einstaklingsmiðað námsmat sem mælir	Hlutfall skóla sem hafa skilgreint einstaklingsmiðað námsmat í starfsáætlun sinni	100%	Tryggja sameiginlegan skilning innan hvers skóla á því hvað einstaklingsmiðað námsmat er og til hvaða þátta það nær

	alhliða þroska nemandans			Skólar hafi kost á leiðsögn um gerð einstaklingsmiðs námsmats Útbúa leiðir snemma á námsferli nemenda til að meta félagsfærni, siðgæðisþroska, áhugasvið og sjálfsmynd - til að bæta upp í veikum hliðarnar Þróa leiðir með sjálfsmat nemenda á félagsfærni, siðgæðisþroska, áhugasvið og sjálfsmynd
Virk tengsl og sameiginleg ábyrgð heimila og skóla	Skóli skipuleggi þátttöku foreldra í skólastarfi	Hlutfall foreldra sem hefur komið með skipulögðum hætti að skólastarfi	90%	Búa til skipulag/verkferla í kringum heimsóknir Setja inn í starfsáætlun skóla Skilgreina tilgang heimsókna og væntingar til foreldra
	Skýr verkaskipting á milli skóla og heimila	Hlutfall foreldrar sem eru ánægðir með skólastarfið	90%	Fræða foreldra um forsendur skólastarfs og raunhæfar væntingar til þess
		Hlutfall foreldra sem finnst væntingar til sín vera skýrar	90%	Upplýsa foreldra um skólastarfið
		Hlutfall starfsmanna sem finnst foreldrar gera raunhæfar væntingar til sín	95%	Hafa gott skólastarf skv. öðrum markmiðum og aðgerðum í skorkortinu
	Gagnkvæm upplýsingamiðlun um stöðu nemenda	Hlutfall foreldra sem hefur aðgang að og nýtir sér svæði barnsins í gagnagrunni skólans	95%	Tryggja að foreldrar hafi aðgengi að gagnagrunninum og viti af því Kenna foreldrum og starfsfólki að nota gagnagrunninn Starfsmenn skrái upplýsingar inn í gagnagrunninn
100%			Aðgengilegt form fyrir skráningu upplýsinga og samstarf um skráningu Leita eftir skriflegu, upplýstu samþykki foreldra fyrir skráningu upplýsinga og meðferð þeirra	

					Fræða kennara og foreldra um gagnsemi upplýsingamiðlunar Skilgreina verkferli um samstarf skólastiga og milli skóla
			Hlutfallsleg þátttaka í foreldrakönnunum	Lágm. 85%	Fræða foreldra um mikilvægi þátttöku í könnunum og hverju sú þátttaka skilar
			Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með upplýsingagjöf frá skóla	95%	Hver skóli móti sér og framkvæmi áætlun í upplýsingagjöf, s.s. með vefsíðu, tölvupósti, fréttabréfi, kynningafundum...
			Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir með þær upplýsingar sem hann þarf og fær frá heimilum	95%	Hver skóli móti sér og framkvæmi áætlun um hvernig þeir fá upplýsingar frá foreldrum Hanna verkferlið um það hvernig foreldrar komi upplýsingum á framfæri Skilgreina hvaða upplýsingar er gott fyrir skóla að hafa Skilgreina flæði og aðgengi að upplýsingum innan skóla Gera Mentor/nemendagagnagrunn að gagnvirkum gagnagrunni
	Greining og stuðningur innan og utan skóla, við nemendur og starfsmenn	Nýta greiningar í gerð og framkvæmd einstaklingsnámskráa um stuðning við nemendur með sérþarfir	Hlutfall þeirra greininga sem eru nýttar við útfærslu þeirrar þjónustu sem nemendur með sérþarfir fá	100%	Bæta inn í gagnagrunn skóla að hægt sé að merkja hverjir hafa greiningu Fylgja greiningu eftir inn í skólastarfið Ráðgjöf til staðar fyrir kennara við að skilgreina aðstæður í skólastofunni og finna leiðir Snemmtæk íhlutun, samfella milli skólastiga Endurskoða fjölbreytni í samsetningu faghópa inn í skóla
		Skýra og efla þverfaglega samvinnu ábyrgðaraðila	Hlutfall skóla með skýra verkferla um þverfaglega samvinnu	100%	Hanna verkferla um þverfaglega samvinnu
		Viðeigandi stoðþjónusta	Hlutfall skóla sem hafa aðgengi að	100%	Skýra verkábyrgð á milli ríkis og sveitarfélaga

	sé til staðar	stoðþjónustu		Skýra verkábyrgð kennara vs. annarra fagstétta Sveitarfélög tryggja aðgengi að stoðþjónustunni Kynna foreldrum hvaða þjónusta er í boði Tilnefna ábyrgðaraðila innan skóla sem annist samræmingu	
		Hlutfall starfsmanna sem telja sig fá nauðsynlegan stuðning í starfi frá stoðþjónustu	90%	Skilgreina hver nauðsynleg stoðþjónusta er	
	Virkt tengsl skóla og grenndarsamfélags	Gagnkvæmt upplýsingastreymi	Hlutfall skóla með virka vefsíðu	100%	Bjóða upp á námskeið í vefsíðugerð Skilgreina einn ábyrgðaraðila innan hvers skóla Tryggja fjármagn og tíma í vinnuna
			Fjöldi heimsóknna í skólann úr grenndarsamfélaginu	Lágm. 10	Skilgreina markmið og tilgang heimsóknanna í starfsáætlun Skóli hafi frumkvæði að því að bjóða viðeigandi aðilum í heimsókn Tilgreina ábyrgðaraðila fyrir tengsl við grenndarsamfélag
		Náttúra og samfélag eru virkir námsstaðir	Fjöldi samstarfssamninga sem skólar hafa	Lágm. 1	Útbúa sniðmát fyrir samstarfssamninga milli skóla og utanaðkomandi aðila
			Fjöldi námsferða út í náttúruna og samfélag, pr. árgang að meðaltali	Lágm. 3	Tryggja fjármagn Skilgreina ábyrgðaraðila innan skóla og tryggja hæfni viðkomandi Skilgreina verkferla
		Skólahúsnæði nýtt fyrir þjónustu og starfsemi utan daglegs skólastarfs	Fjöldi viðburða á ári	Lágm. 10	Kynna grenndarsamfélagi að hægt sé að nýta húsnæði í samræmi við verklagsreglur
			Hlutfall skóla/sveitarfélaga sem hafa skilgreinda stefnu / verklagsreglur	100%	Útbúi stefnu / verklagsreglur Tryggja að viðskiptavinurinn og starfsmenn hafi verklagsreglur um umgengni og fráganga

Skýr ábyrgð og skilgreining þjónustu, virkt eftirlit og mat	Skilgreina verkferla í þjónustu og þar með mannaflapörf	Hlutfall skóla sem eru með skráða verkferla yfir meginþætti skólastarfs	100%	Fræðsla til starfsmanna um verkaskiptingu og verkferla
		Ánægja starfsmanna með verkferlana	95%	Skilgreina meginþætti skólastarfs Skapa tíma innan skóla til að vinna verkferla Skilgreina ábyrgðaraðila sem ber ábyrgð á gerð, framkvæmd og viðhaldi verkferla Þverfagleg samvinna í gerð og endurskoðun verkferla
		Hlutfall skóla sem gerir árlega rökstudda mannaflaáætlun út frá starfslýsingum, verkaskiptingum og skilgreindum eigin leiðum	100%	Hver skóli útbúi starfslýsingar út frá verkferlum og eigin leiðum Hver skóli útbúi mannaflaáætlun út frá starfsáætlun, verkferlum og fjárhagsáætlun Stuðningur við skólastjórnendur við gerð starfslýsinga og mannaflaáætlunar Endurskoða starfslýsingar og mannaflaáætlanir árlega
	Skólayfirvöld komi upp virku eftirliti og ytra mati	Hlutfall skóla sem hafa farið í gegnum ytra mat, á ári (hver skóli á 4 ára fresti)	25%	Menntamálaráðuneyti beri ábyrgð á ytra mati Menntamálaráðuneyti og sveitarfélög skilgreini sameiginlega hvað ytra mat er og hvað það metur Kynna hagsmunaaðilum betur niðurstöður mats
	Skólayfirvöld styðji skóla í að vinna innra mat	Ánægja starfsmanna skóla með stuðning við vinnslu innra mats	95%	Menntamálaráðuneyti og sveitarfélög skilgreini sameiginlega hvað innra mat er og hvað það metur Einfalda innra matið í framkvæmd Aðgengileg tæki, tól og þekking á framkvæmd Vinna matsáætlun
	Eftirliti og mati fylgt eftir með gerð og framkvæmd umbótaáætlana	Hlutfall skóla sem hafa gert umbótaáætlanir á grunni innra og ytra mats á undanfórnum fjórum árum	100%	Virk og aðgengileg ráðgjöf til starfsmanna skóla

			Hlutfall skóla sem hafa framkvæmt 70% þeirra umbóta sem áætlaðar voru	100%	Tilnefna ábyrgðaraðila fyrir gerð og framkvæmd umbótaáætlana
		Árangur umbótaaðgerða verði mældur	Ánægja starfsmanna með árangur umbóta	90%	
			Ánægja sveitarstjórna með árangur umbóta	90%	
			Ánægja nemenda með árangur umbóta	90%	
			Ánægja foreldra með árangur umbóta	90%	
Vídd					
Lærdómur og þróun	Hæft og ánægt starfsfólk og fagleg forysta	Þróa og framfylgja virkri og hvetjandi mannauðsstefnu og skólabrag	Fjöldi skóla með virka mannauðsstefnu	100%	Skilgreina hvað er lágmarksinnihald mannauðsstefnu
			Ánægja starfsmanna með mannauðsstefnu	90%	Búa til sýnishorn af mannauðsstefnu
			Fjöldi ánægðra starfsmanna með vinnustaðinn	90%	Tryggja aðgengi að fræðslu og ráðgjöf um gerð mannauðsstefnu og skólabrags
			Fjöldi ófyrirséðra fjarvistadaga úr vinnu, meðaltal pr. mán. pr. starfsmann	1	Stjórnunar- og samskiptahættir skóla séu til samræmis við mannauðsstefnu og skólabrags
			Starfsmannavelta	7-10%	Mannauðsstefna sé reglulega endurskoðuð
	Ráða starfsfólk sem uppfyllir hæfniskröfur skv. starfslýsingu	Fjöldi starfsmanna sem hafa, þekkja og starfa skv. starfslýsingu	100%	Fylgja skilgreindu ráðningarferlið	
				Útbúa starfslýsingar með hæfniskröfum fyrir öll störf skólanna	
			Starfslýsingar séu ræddar og endurskoðaðar í starfsmannasamtölum árlega, og tengdar endurmenntunaráætlunum		
			Búa til sýnishorn af mismunandi starfslýsingum		

				Tryggja aðgengi að fræðslu og ráðgjöf um gerð starfslýsinga
		Fjöldi sem uppfyllir hæfniskröfur skv. starfslýsingu	100%	Aðlaga gagnagrunn/Mentor til að hægt sé að setja inn hæfnisviðmið pr. starfsmann og stöðu (nota í gerð símenntunaráætlana)
Tryggja aðgengi og gæði grunn-, framhaldsnáms og símenntunar starfsfólks	Hlutfall faglærðra í störf sem krefjast fagnáms	100%	Greina hvaða sérfræðiþekkingu (ráðgjöf, aðstoð og daglegan stuðning) þarf inn í skóla til að auðvelda kennslu í almennum bekkjum, og ráða inn í skólana skv. því	
			Tryggja samkeppnishæfni launa, til að störf í skólum séu eftirsóknarverð	
	Hlutfall faglærðra með viðurkennda framhaldsmenntun	40%	Auka fjölda námsleiða og plássum í námi á framhaldsstigi	
			Gefa fleirum kost á að fara í námsleyfi á launum	
			Setja reglur og fylgja eftir hvernig ný þekking úr námsleyfi skilar sér inn í skólastarfið	
	Haga fyrirkomulagi framhaldsnáms fyrir starfsmenn skóla með þeim hætti að auðvelt sé að stunda það með vinnu í skóla	0	Koma á framhaldsnámi fyrir uppeldisstéttir, þar sem áhersla er á að bregðast við hegðunar- og tilfinningaerfiðleikum	
			Ánægja starfsstétta, eftir eins árs starfsreynslu, með hæfni úr námi	
Fjöldi starfsmanna sem er með árlega símenntunaráætlun á bak við sig	100%	Endurmenntunarbók sem fylgir hverjum starfsmanna		
		Gerðar verði símenntunaráætlanir fyrir hvern starfsmann, í samráði hans og skólastjórnenda		

		Hlutfall skilgreindra aðgerða í símenntunaráætlun sem voru framkvæmdar	100%	Tryggja námsframboð til samræmis við símenntunarpörf
	Fólk fari í kennslu eftir útskrift úr grunnnámi	Hlutfall útskrifaðra kennara sem vinnur við kennslu fimm árum eftir útskrift	85%	Auka þátt starfsþjálfunar í grunnnámi kennara Búa til gæðastaðal fyrir handleiðslu nýútskrifaðra kennara
(Þver)fagleg samvinna starfsfólks innan skóla og við stoðþjónustu	Skapa aðstæður fyrir samvinnu starfsfólks innan skóla til að bæta þjónustu við nemendur og kennara	Hlutfall nemenda sem þurfa á stoðþjónustu að halda, sem hafa einstaklingsnámskrá unna í samstarfi viðkomandi fagaðila	95%	Starfslýsingar og mannaflááætlanir taki tillit til samvinnu starfsfólks innan skóla og við stoðþjónustu
	Stuðla að þverfaglegri samvinnu við og í stoðþjónustu, til að bæta þjónustu við nemendur og kennara			Útfæra einstaklingsáætlanir fyrir nemendur sem þurfa aðstoð við aga, félagsfærni eða líðan Kenna gerð einstaklingsnámskráa í grunnnámi kennara Skipuleggja endurmenntun í gerð einstaklingsnámskráa
Skólinn er lærdómssamfélag sem þróar eigin leiðir í takt við umhverfi og samfélag	Sveitarfélög hafi markmið sem gefa skólum svigrúm til að þróa eigin leiðir til árangurs	Fjöldi sveitarfélaga sem hafa skilgreinda skóla- og fræðslustefnu	100%	Sveitarfélög móti skólastefnu j samstarfi við hagsmunaðila, með markmiðum sem gefa skólum svigrúm til starfa
		Fjöldi skólastjórnenda sem telur skólann hafa svigrúm til að þróa eigin leiðir til árangurs	100%	Sveitarfélög hafi aðgengi að fræðslu og ráðgjöf um mótun stefnu Aðgerða- og fjárhagsáætlanir sveitarfélaga verði tengdar skólastefnu
	Skólar hafi skýra stefnu	Hlutfall skóla með skráða og birta stefnu	100%	Skilgreina hvert er lágmarks innihald stefnu
		Hlutfall sveitarstjórnarmanna sem þekkja stefnuna	100%	Tryggja aðgengi að fræðslu og ráðgjöf um gerð stefnu

Skilvirk nýting fjármagns		Hlutfall starfsmanna sem þekkja stefnuna	100%	Stefna skóla sé kynnt og höfð aðgengileg fyrir hagsmunaaðilum
		Hlutfall heimili sem þekkja stefnuna	90%	
	Auka kostnaðarvitund hagsmunaaðila	Hlutfall skóla sem birta fjárhagsupplýsingar opinberlega	100%	Miðla upplýsingum um fjárhagslegar forsendur skólahalds til hagsmunaaðila - bæði sundurliðuðu ársuppgjöri og sundurliðaðri rekstraráætlun
		Hlutfall skóla þar sem ábyrgð á notkun fjármagns er í höndum starfseininga skólans, til samræmis við rekstraráætlanagerð	100%	Gera samanburð við valin lönd þegar kemur að kostnaði og forsendum hans
		Hlutfall skóla sem virkjar starfsfólk og aðra hagsmunahópa við gerð rekstraráætlana	100%	Útbúa kostnaðarlíkan sem sýnir raunkostnað en einnig breytur vegna eigin leiða skóla Rekstrarmarkmið séu skilgreind fyrir starfsemi skóla, út frá stefnu rekstraraðila/skóla Starfsmenn taki þátt í ákvarðatöku um ráðstöfun fjármagns Beita lýðræðislegum vinnubrögðum við rekstraráætlanagerð skóla Starfsmönnum skóla reglulega boðið upp á fræðslu í gerð rekstraráætlana
	Forsendur í rekstraáætlun skóla séu skýrar og byggðar á stefnu sveitarfélaga/skóla og kostnaðargögnum	Fjöldi ágreiningsmála milli sveitarfélaga og ríkis um kostnað vegna nemenda, á ári	Hám. 20	Samband ísl. sveitarfélaga annist samræmingu, umsjón og eftirfylgni ágreiningsmála fyrir öll sveitarfélög
		Fjöldi málaflokka sem ágreiningur er um milli ríkis og sveitarfélaga, á ári	Hám. 2	Setja samans starfshóp með fulltrúum sveitarfélaga, ráðuneyta menntamála, heilbrigðismála og félagsmála - til að skilgreina ágreiningsmál og í framhaldi skýri verk og ábyrgðarsvið Hanna verkferli til að draga fram og vinna úr ágreiningsmálum

		Prósentufrávik frá rekstraráætlun skóla	Hám. 2%	Útbúa verkferli sem skilgreinir hvernig staðið er að endurskoðun forsenda	
		Hlutfall hagsmunaðila sem er ánægður með framkvæmd stefnu sveitarfélags/skóla	90%	Regluleg endurskoðun á nýtingu fjármagns og leiðum til betri nýtingar	
	Skólastjórnendur hafi rekstrarlegt sjálfstæði og skýra ábyrgð	Sjálfstæði og ábyrgð skólastjórnenda sé skilgreint	Hlutfall skólastjórnenda sem telja sig hafa rekstrarlegt sjálfstæði	100%	Skilgreina hvaða sjálfstæði og ábyrg skólastjórnendur hafa
			Hlutfall rekstraraðila sem telja að skólastjórnendur beri ábyrgð	100%	Auka sveigjanleika í færslu kostnaðar í bókhaldskerfi sveitarfélaganna Stjórnendur hafi aðgang að fjárhagsupplýsingum skóla í bókhaldskerfum sveitarfélaga, til notkunar við daglegan rekstur
	Færni til fjármálastjórnunar sé tryggð fyrir skóla	Hlutfall skóla sem hefur aðgengi að sérþekkingu á sviði fjármálastjórnunar	100%	Skólastjórnendum gert kleift að fá aðstoð við fjármálastjórnun	
				Skólastjórnendur hafi þekkingu á fjármálastjórnun	
Auka þátt fjármálastjórnunar inni í stjórnendanámi skólastjórnenda					

9 NÆSTU SKREF

Með þessari skýrslu lýkur mótunaráfanga stefnumótunarinnar. Þetta er hins vegar einungis fyrsti áfangi í vinnu sem á að ná til ársins 2020. Næstu skref vinnunnar eru því mikilvæg til að tryggja að vinnan sem búin er skili sem mestu.

Kynning

Það að móta sameiginlega framtíðarsýn var ákveðin í kjarasamningaviðræðum, sem hluti af undirbúningi fyrir næstu viðræður. Framtíðarsýnin þjónar hins vegar víðari tilgangi, sem grundvöllur málefnalegrar og faglegrar umræðu og samstarfs á milli neytenda, rekstraraðila og framkvæmdaraðila grunnskólaþjónustunnar, þ.e. samfélagsins, sveitarfélaganna og starfsmanna skóla.

Framtíðarsýnina er jafnframt auðvelt að nota til að skapa umræðu í samfélaginu um faglegan tilgang og starfsemi grunnskólans, en bent hefur verið á að mikill skortur er á slíkri umræðu. Slík umræða er í raun nauðsynleg til að stefnan sem hér er lýst verði að raunveruleika, þar sem framkvæmdin er á hendi sveitarstjórna og skólafólks um allt land. Þessir aðilar þurfa að skilja og vera sammála því sem hér er lagt til, til að sýnin sem hér er lýst geti orðið að raunveruleika.

Vegna þessa er mikilvægt að íhuga vandlega hvernig staðið verði að kynningu á þeim niðurstöðum sem þessi skýrsla lýsir. Kynningu sem er ekki einungis ætlað að skapa skilning á starfsemi grunnskólans, en einnig samstarf um framkvæmd hennar.

Mælingaáætlun

Í skorkortinu er lagt til hvað verði mælt til að fylgjast með árangri. Áður en mælingar geta hafist þarf hins vegar að vinna mælingaáætlun, þar sem kemur fram

- a. hvernig verður hvað mælt?
- b. hversu oft verður hver mælikvarði mældur?
- c. hvenær verður hver mælikvarði mældur?
- d. hver mælir hvern mælikvarða?
- e. hver er kostnaður við mælingarnar og hver fjármagnar þann kostnað?
- f. hver heldur utan um mælingar í heildina, úrvinnslu, niðurstöður og miðlun?
- g. hvernig eru niðurstöður mælinga notaðar, af hverjum og til hvers?

Framkvæmdaáætlun

Í skorkortinu eru í grófum dráttum settar fram þær aðgerðir sem þarf að fara í til að árangur geti náðst á þeim forgangssviðum sem lögð eru til. Hvernig staðið verði að framkvæmd þarf hins vegar að útfæra frekar, eða

- a. hvað verður nákvæmlega gert?
- b. hver gerir hvað?
- c. hvernig verður hvað gert?
- d. hvenær verður hvað gert?
- e. hver er kostnaður við framkvæmdina og hver fjármagnar þann kostnað?
- f. hver heldur utan um og fylgist með því að aðgerðir séu framkvæmdar?

Endurskoðun

Aðilarnir sem standa að baki þessu verkefni hafa hingað til hver mótað eigin stefnu, en sameiginleg sýn og stefna hefur ekki verið unnin fyrr en nú. Vegna þessa hefur áherslan í verkefninu verið að fá fram, ræða og ná samkomulagi um ólík sjónarmið, en einungis framkvæmdin mun leiða í ljós hvort og þá hversu mikillar endurskoðunar er þörf.

Sem dæmi má nefna að komið getur í ljós að kostnaður við að framkvæma stefnuna er meiri en sveitarfélögin treysta sér í. Ef svo, þá þarf að endurskoða stefnuna eða ákveðna þætti hennar. Einnig getur komið í ljós að mælikvarðar sýna ekki það sem þeim er ætlað, að markmið verði úrelt, aðgerðir nái ekki tilskyldum árangri, o.s.frv.

Vegna þessa er nauðsynlegt að skilgreina hvernig, hvenær og hverjir standi að endurskoðun allra þeirra atriða sem koma fram í stefnu- og skorkorti. Til að forðast misskilning síðar meira er best að búið sé að ákveða hvernig staðið verði að endurskoðun áður en framkvæmd hefst.

Í þessu samhengi má að lokum benda á að stefnu- og skorkort eru stjórnþæki fyrir þá aðila sem bera ábyrgð á grunnskólaþjónustu landsins, og um leið tækifæri fyrir þá til að standa saman að framkvæmd þjónustunnar og málefnalegri þróun hennar.

10 VIÐAUKI 1 - SKILGREININGAR ORÐA OG HUGTAKA

Í upphafi fyrsta fundar vinnuhóps, í júní, kom í ljós að ýmis hugtök og orð voru í notkun, sem fólki hafði ekki sameiginlegan skilning á eða notaði með mismunandi hætti. Því var ákveðið að halda lista yfir orðin og hugtökin, jafnóðum og þau komu upp, og síðan var tekinn tími þar sem þátttakendur komu sér saman um skilgreiningu. Orðin, hugtökin og sameiginleg skilgreining þeirra er hér á eftir.

Einsleitni - margbreytileiki / Jafnræði - mismunun

Einsleitni / margbreytileiki er ás sem skilgreinir hver staðan er, með jafnræði og mismunun þvert á. Gott skólasamfélag er margbreytilegt og þar ríkir jafnræði. Orðin geta hins vegar verið jákvæð og neikvæð, eftir samhengi og viðmiði. Við notkun orðanna þarf því að skilgreina hvað átt er við.

Jafnræði

Nemandi fær ákveðna þjónustu út frá eigin þörfum, sem er ekki sama þjónusta og annar nemandi fær sem hefur aðrar þarfir.

Skóli

Skóli er þjónustuvettvangur þar sem kjarnastarfsemi er uppeldi og menntun. Skilgreina þarf hvaða þjónustu hann veitir og hvert þjónustustigið er. Í framhaldi þarf að skilgreina hverjir innan skólanna veita þjónustuna, hvernig skólarnir eru mannaðir.

Aðalnámskrá skilgreinir hvað telst kjarnastarfsemi skólans, annað er önnur þjónusta til að mæta kröfum samfélagsins. Skilgreina þarf starfslýsingu kennarans, þar sem aðalnámskráin er til viðmiðunar. Sama þarf að gera við önnur störf innan skólans. Viðmiðunarlýsingar sem taki á lágmarkskröfum komi frá einum aðila (Sambandinu íslenskra sveitarfélag...) en hver skóli útfæri síðan til samræmis við þá starfsemi sem hann hefur þróað?

Skólasamfélag

Skilgreint í aðalnámskrá sem samfélag nemenda, starfsfólks og foreldra í tilteknum skóla. Sama skilgreining í nýja frumvarpinu.

Grenndarsamfélag er síðan víðara – nær til stærri hóps í kringum skólana.

Úrræði

Lausn á aðstæðum barns, veitt innan skóla eða utan.

Skóli án aðgreiningar / nám án aðgreiningar

Skóli fyrir alla – allir eiga rétt á að vera í skóla.

Skóli án aðgreiningar – einstaklingar sem þurfa sérstaka aðstoð vegna persónulegra aðstæðna (fötlunar eða annars) eiga ekki bara rétt á að vera í skóla, heldur eiga rétt á að velja að vera í almennum skólum í sinni heimabyggð eða sérskóla/deild.

Báðum valkostum þurfa að fylgja aðgerðir til að styðja við að nemendur fái þá aðstoð sem þeir þurfa. Þessar aðgerðir geta verið innan skóla, eða utan skóla og verið sameiginleg milli sveitarfélaga.

Skólaskylda / fræðsluskylda

Skilningur almennings að skólaskylda sé bundið skólahúsnæði. Er ekki, því skólanum er skylt að sjá nemanda fyrir námi, en á valkosti með hvar og hvernig þetta nám er

veitt. Foreldrar geta sótt um að sinna heimakennslu, eða valið milli valkosta sem skóli býður upp á.

Fyrst fræðslulög sem sögðu að nám væri í boði – kallað fræðsluskyldu. Síðan breytt í skólaskyldu, sem segir að allir eigi að vera í skóla. Núna í frumvarpinu gert ráð fyrir að allir leggi stund á nám, sem má framkvæma með ýmsu sniði – í skóla, heimakennsla, fjarnám o.s.frv. Skóli er ekki sama og húsbygging.

Einstaklingshyggja / einstaklingsmiðun

Einstaklingshyggja – horfa á heiminn út frá sjálfum sér. Hugarástand.

Einstaklingsmiðun – veita þjónustu út frá þörfum einstaklingsins.

Einstaklingsmiðað nám – aðferðafræði þar sem tekið er tillit til þekkingar, hæfni, áhuga einstaks nemanda. Upphafsstaður, lokastaður og aðferðafræði er þannig ólík milli nemenda.

Er það sama og / eða inniheldur námsaðlögun, heildstæð kennsla, co-operative learning, individualized learning, nám við hæfi. Fólk skilur svipað hvað þetta er, en notar mismunandi heiti yfir. Er mögulega villandi að kalla „einstaklings...“ þar sem fólk tengir slíkt yfirleitt við einstaklingshyggjuna.

Nemendalýðræði

Hversu langt á að ganga – eiga nemendur að hafa áhrif á eða ráða hverju? Fylgir þessu ábyrgð? Lýðræði fylgir ábyrgð. Þeim mun meiri ábyrgð, þeim mun ábyrgari eru nemendur.

Er besta kennsla sem til er í lífi í lýðræðislegu samfélagi.

Fulltrúalýðræði (kosning fulltrúa) og þátttökulýðræði - þátttaka í faglegri umræðu og skipulagi eigin náms.

11 VIÐAUKI 2 – NIÐURSTÖÐUR VIÐTALA

Viðmælendur lýstu eftirfarandi aðstæðum og skoðunum í viðtölunum.

Samfélagsþróun:

- Meiri hraði í samfélaginu
- Báðir foreldrar vinna úti
- Breytt fjölskyldumynstur
- Sameiginlegt forræði foreldra sem búa í tveimur hverfum eða sveitarfélögum
- Foreldrar og aðrir gera auknar kröfur til skólanna.
- Aukin einstaklingshyggja
- Fatlaðir og ófatlaðir saman
- Kallar á að börnin séu lengur í skólanum, fái meiri þjónustu þar.
- Grundvallarbreyting í samfélaginu mikil undanfarin 20 ár, en ekki í skólanum sjálfum.
- Atvinnulífið hefur breyst úr iðnaðarsamfélagi með skýrri verkstjórn og sérhæfingu starfa, yfir í þekkingarsamfélag með teymisvinnu, sjálfstæði, sköpun, dreifðri ákvarðanatöku og hröðum viðbrögð við þörfum neytandans.
- Skólinn var búinn til í iðnaðarsamfélaginu og hefur ekki náð að breytast í takt við þekkingarsamfélagið.
- Leikskólinn, yngra stig grunnskólans og háskólinn hafa breyst meira en eldra stig grunnskóla og framhaldsskóla.
- Stærð samfélagsins, hvað við getum gert og hvað virkar fyrir okkur, er lykilatriði.
- Íslensk skólastefna er ekki raunveruleg – fylgjum öðrum löndum og hvað þau eru að upplifa í staðinn. Hvar þróun byrjar er aldrei vitað, en yfirleitt er um alþjóðlegar bylgjur að ræða.
- Kallar á að kennarar fari erlendis og læri hver af öðrum, fá þannig hugmyndir og taka þátt í mótuninni.
- Breyttar áherslur í kennslu kallar á breytt vinnubrögð í heildina – hið nýja á að koma í staðinn fyrir en ekki vera viðbót við.
- Leikskólar vinna markvisst í að gera nemendur sjálfstæða. Þessir nemendur koma síðan upp í grunnskólana sem eru ekki tilbúnir að taka á móti þeim en líta á sem vandræðanemendur. Vantar að samhæfa aðferðafræði á milli skóla
- Skólinn fylgir ekki breytingum í samfélaginu. Einkaskólar bjóða meiri þjónustu, sem foreldrar stökkva á.
- Það er bylting í gangi, vegna þróunar í upplýsingatækni og alþjóðavæðingu.
- Þurfum að kenna það sem gerir okkur samkeppnishæfari á alþjóðlegum markaði (danska?), gagnrýna hugsun vegna aukins aðgengis að upplýsingum o.s.frv.
- Hlutverk skóla og kennara er að breytast – báðir foreldrar vinna úti og skólinn er því í meira mæli í hlutverki uppalandans.
- Flutningur til sveitarfélaga færði grunnskólaþjónustuna nær samfélaginu.

Skólastarfið:

- Stórt skref tekið með aðalnámskrá frá 1999 – upplýsingatækni, skólanámskrárgerð, innra mat skóla
- Einsetning skóla, einstaklingsmiðað nám, fleiri stjórnendur, námsráðgjöf, sérkennsla, tölvuvæðing, allt þróun undanfarinna ára.
- Þessi þróun kallar á að húsnæði sé breytt til að þróunin gangi upp, tölvur keyptar, kennarar þjálfaðir, launaumhverfi endurskoðað o.s.frv.

- Skipulögð þróun hefur ekki alltaf verið hugsuð til enda, þ.e. hverjar afleiðingarnar eru og hverju þurfi að breyta til að styðja þróunina.
- Allir skólar þurfa ekki að vera eins – geta verið jafn góðir en á gjörólíkum forendum. Gefur foreldrum og nemendum val og ýtir undir að nemendur sækir í mismunandi nám í stað þess að verða fyrir áhrifum frá samfélaginu sem metur bóknámið meira.
- Grunnskólinn er í auknum mæli bóknámsskóli, sem þýðir að hann nær engan veginn til allra.
- Verið mikil gróska í starfi skólanna undanfarin ár, en samt allt of lítil til að fylgja samfélagsbreytingunni - sem er meginvandi skólanna.
- Breytingar mega ekki gerast of hratt, þurfa að eiga sér stað smátt og smátt til að festast.
- Stjórnvöld verða að styðja framtíðarsýn skólakerfisins, bæði í umræðu og athöfnum. Ef þau gera það ekki, þá gengur breytingin til baka.
- Fjarnámsmöguleikar gjörbreyta möguleikum til að halda úti góðu námi.
- Meiri gróska í framhaldsskólanum gæti ýtt undir aðrar kröfur til grunnskólans.
- Breyta þarf viðhorfi - traust og samstarf þarf að ríkja á milli þeirra sem bera ábyrgð á skólastarfinu - sveitarfélögin, skólastjórnendur og kennarar.
- Með breyttu stjórnkerfi skóla og deildarskiptingu gafst tækifæri til aukins þróunarstarfs.
- Einstaklingsmiðað nám kom frá fólkinu – þ.e. foreldrum og þátttakendum í skólafundum.
- Aðrar hugmyndir með sama uppruna eru t.d. einsetning skóla, matur í skóla, breyttir kennsluhættir, breyttar námsmatsaðferðir.
- Vonbrigði hvað hefur lítið breiðst út af þróunarstarfi frá einum skóla til annars.
- Vantar meira þróunarstarf í skólum.
- Vantar meiri vinnu í skólanámskrágerð.
- Lagabreyting hefur verið töluverð, en ekki mikið gerst innan skólanna í framhaldi.
- Samstarf kennara, þátttaka nærsamfélagsins, nýting upplýsingatækninnar, einstaklingsmiðað nám – allt breytingar undanfarinna ára. Eru hins vegar bundnar ákveðnum skólum, á meðan aðrir eru staðnaðir.
- Góður og sterkur leiðtogi, stuðningur bæjarfélagsins, þátttaka / virkni / velvilji kennara eru lykilatriði til að breytingar gangi upp.
- Jafnrétti til náms virðist vera til staðar í rauninni, ef lítið er á niðurstöður PISA þar sem minnsti munur er í niðurstöðum prófa milli skóla í heiminum.
- Valdið hefur verið fært nær notandanum, en miðstýringin er enn töluverð – menntun kennara hjá fáum stofnunum, sama námsskrá, sömu námsgögn o.s.frv. Það er einungis frá 1991 sem stjórnámálamennirnir fóru að setja skólamálin hærra á forgangslistann.
- Skólinn er ekki eins einangraður í samfélaginu í dag og 1992.
- Starfsmenn skóla vantar tól, úrræði, samráð og lausnir til að mæta breyttum aðstæðum skólanna.
- Einstaklingsmiðað nám kallar á aukið samstarf heimila og skóla, þar sem námið er ekki bara í skólanum.
- Þróun skóla hefur verið jákvæð, en vantar meiri tengsl við nærsamfélagið og foreldrana.
- Atvinnurekendur, skólar og sveitarfélög tala ekki nógu mikið saman.
- Skólarnir bregðast yfirleitt við, í stað þess að vera undirbúin fyrir þróun og breytingar.
- Vantar skýra stefnumörkun og gæðaumræðu.
- Vantar skilgreinda mælikvarða á árangur, þó leiðirnar til árangurs geti verið margar.

- Horfa á markmið fyrir skólana í heild, en einnig einstaka skólastjórnendur og kennara.
- Endurskoða þarf hlutverk skólans – kallar á opna umræðu allra hagsmunaaðila.
- Aðalnámskrá er of ýtarleg og stýrandi, skólanámskrá á að eiga meiri möguleika á túlkun og útfærslu.
- Skólinn þarf að hugsa “hvað þarf” út frá samfélaginu hverju sinni, ekki “hvernig vil ég hafa það”.
- Umræða um skólana á að snúast um tilgang og innihald, ekki kaup og kjör.
- Starfsfólk skólanna þarf að vera gott fagfólk með sameiginlega sýn á tilgang og framtíð starfseminnar – þó leiðir og vinnulag geti verið ólíkt.
- Skólar þurfa að fá að móta sig eins og þeir telja best við eigin aðstæður.
- Allir starfsmenn skóla eiga að vera ráðnir með þriggja mánaða uppsagnarfrest – starfsöryggi á ekki að vera gefið ef fólk er ekki að standa sig í starfi. Skólar eru ekki verndaðir vinnustaðir.
- Almennt mikið og gott starf unnið í grunnskólum. Hins vegar ráða þessir fáu slæmu of mikið ferðinni.
- Það þarf að ræða hvernig við viljum ala börnin upp – eiga þau að vera á stofnunum frá fæðingu til fullorðinsára?
- Samfélagið breytist eins og það gerist, þarf að viðurkenna þessa breytingu og finna lausnir á þeim málum sem rísa upp út af því. Skólarnir koma þar inn, en eru ekki eini ábyrgðaraðilarnir.
- Bæði starfsmenn og nemendur þurfa að hlakka til að koma í skólann.
- Ræðum ekki nógu oft hvort breytingar sé æskilegar, eins og t.d. matur í skólunum og morgunhanahópar, heldur gerast þær bara.
- Þarf að viðurkenna breytt samfélag, breytt hlutverk skólanna og því samhliða að endurskoða hverjir starfa þar, hvað þeir gera, hvernig þeir starfa og hvernig þeir eru studdir og þeim umbunað.
- Það þarf að ræða þjóðfélagsbreytingar og þýðingu þeirra fyrir skólastarfið það snemma að skólunum sé ekki ýtt út í breytingar án þess að þeir séu undir það búnir.
- Eigum ekki að búa til reglur um undantekningartilfelli – sinna þeim einstaklingum sem undanþágu frá reglunni.

Nám og námsmat:

- Endurskoða grunnþekkingu sem nemendur fá – það þurfa ekki allir sömu þekkinguna heldur á að gefa nemendum tækifæri á að þroska séráugasvið sín.
- Aðferðir í kennslu þurfa að byggja upp hæfni til að tjá sig, nokkuð sem er ekki mikið um í dag.
- Þarf að finna aðra leið til að meta nám en samræmdu prófin.

Mat og eftirlit:

- Sveitarfélögin þurfa að fylgja betur eftir gæðaeftirliti inni í einstökum skólum.
- Vantar skilvirkara og virkara eftirlitakerfi, innra mat er ekki nóg enda kunna margir ekki að framkvæma það, og ytra mat ráðuneytis er ekki í framkvæmd.
- Sjálfsmat skóla er ekki að ganga í mörgum tilfellum. Margir skólastjórar kunna ekki stjórnunaraðferðir, geta ekki sett sér markmið, ekki tímasett þau, ekki metið veikleika og styrkleika o.s.frv.

Skóli án aðgreiningar:

- Börn með sérþarfir komu inn í skólann, núna er nýbúunum að fjölga. Eru holskeflur með mikil áhrif sem hvorki skólar ná foreldrar hafa fengið stuðning til að takast á við, né hafa þau veitt tilhlýðilegan stuðning

- Skóli fyrir alla – lögin ganga langt en skólarnir kunna ekki að þjóna þessum hópi og því fá mjög fáir aðstoð af þeim sem þurfa
- Skóli án aðgreiningar hefur reynst mörgum erfiður. Stoðkerfi hafa ekki verið byggð í stað sérdeilda sem hafa verið lagðar niður, og eru stuðningsfulltrúar þar engin lausn.

Samstarf

- Meira samstarf skóla, sveitarfélaga og háskóla, leiðandi í þróunarstarfi, símenntun og þróun.
- Meira samstarf kennara þvert á skóla t.d. í undirbúningi á tímum og námsgögnum.
- Starfsmenn í innri stoðþjónustu skóla þurfa meira samstarf við þá sem sinna ytri stoðþjónustu.
- Einstaklingsmiðun kallar á meiri teymisvinnu – sem á að vera tækifæri til að miðla reynslu og léttu vinnu en ekki vera aukið vinnuálag.
- Skólar þurfa að auka samstarf við aðra aðila í samfélaginu sem vinna með börnum, íþróttafélög, félagsmálafulltrúar o.s.frv. Þetta net er yfirleitt þéttara á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu – hægt að læra þar.
- Skólafulltrúar á að vera miðja hvers hverfissamfélags. Foreldrar geti komið hvenær sem er, vinna gegn ólæsi, aðstoða atvinnulausa...
- Þarf að miðla miklu betur milli skólanna því sem vel er gert, þarf ekki að finna hjólið upp oft.
- Vantar málefnalega fagumræðu milli allra hagsmunaaðila.
- Samráð milli foreldra, kennara og sambandsins eiga að vera á grundvelli eðlilegrar þróunar skólanna, ekki átaksverkefni tengd kjaraviðræðum

Mönnun skóla:

- Starfsfólk er hreyfanlegra, vinna á mismunandi stöðum og í mismunandi verkefnum á ólíkum tímum. Nemendur eru ekki lengur fastir í hópi x nemenda. Tengslin við nærsamfélagið eru meiri, ýmsir hópar koma inn í skólann til að aðstoða. Samfélagið styður betur við skólana, menntun og endurmenntun.
- Kennurum hefur lítið fjölgað í skólakerfinu, en stuðningsfulltrúum og almennum starfsmönnum hefur fjölgað mikið.
- Erum komin að ákveðnum endamörkum mönnunar í grunnskólum – þurfum núna að fjölga stuðningi utan frá, endurskoða hvers konar starfsfólki er þörf á, þróa menntun
- Framtíðin er mikið uppbrot á bekkjarskipulagi og skólafulltrúum. Skólinn starfar sem eitt teymi, menn skipta með sér verkum eftir styrkleikum til að þjónusta börnin.
- Ákveðinn fjöldi nemenda myndar nærhóp hvers barns, ásamt kennurum, foreldrum og öðrum í stuðningsliði. Hópurinn gerir áætlanir til nokkurra ára um það að hverju hann ætlar að starfa og hvernig.
- Fjölbreytni starfsstétta inni í skólunum hefur aukist, en þær vinna ekki nægilega vel saman sem heild.
- Stoðþjónusta, t.d. sálfræðinga og námsráðgjafa, hefur aukist – og kennarinn orðið meiri „mentor“ fyrir börnin

Sveitarfélögin:

- Flutningur grunnskóla til sveitarfélaga – mjög jákvætt fyrir flesta en mjög neikvætt fyrir suma vegna aðstöðumunar sveitarfélaga, þar virka jöfnunaraðgerðir ekki
- Brýnasta verkefnið er að bæta hag barnanna sem búa í sveitarfélögum sem ná ekki að skila sínu.

- Sveitarfélög eiga að sjá skólum fyrir faglegri ráðgjöf, en fæst eru í stakk búin til þess. Ath. mögulegt hlutverk Sambandsins hér.
- Það þarf að tryggja öllum nemendum sambærilega aðstöðu, án tillits til greindar, stærðar sveitarfélags o.s.frv.
- Sveitarfélög þurfa að vera samkeppnishæf um besta fólkið, bæði með starfsumhverfi og launum.
- Sveitarfélögin hafa lagt áherslu á að byggja upp dreifð-stýrðara stjórnunarkerfi sem hefur gengið vel. Á meðan er kennarinn hins vegar enn einangraður í stofunni sinni.
- Sveitarfélög hafa gert vel í að byggja upp skólana, en orðið tímabært að hlúa að starfsmönnum skólanna í stað þess að leggja mesta áhersluna á steypuna.
- Skólinn, tónskólinn og frístundaskólinn eiga að vera ein heild, ekki margar stofnanir í sömu byggingunni.
- Nýta frístundaskólann til að aðstoða barnið við heimanámið.
- Hlutverk Námsgagnastofnunar er ekki ljóst, með tilliti til framleiðslu og fjármögnunar. Ættu sveitarfélögin að eiga og reka stofnunina?

Skólanefndir:

- Skólanefndir hafa mikil völd en lítinn faglegan bakgrunn til að sinna hlutverki sínu. Þurfa fræðslu frá fagmanneskju í mennta- og skólamálum.

Skólanefndir:

- Hlutverk skólastjóra hefur breyst, voru áður kóngar í ríki sínu og hver kennari sjálfstæður. Núna eru krafan að skólastjórar séu stjórnendur með viðeigandi menntun, sem sinna stefnumótun, starfsþróun o.s.frv.
- Skólastjórar þurfa að vera meiri fagmenn í dag, betri stjórnendur, vera leiðtogar, sinna framtíðarsýn og þróun.
- Skólastjórinn á að leiða vinnu innan skólanna, en hafa starfslið, foreldra og nemendur með sér. Getur ekkert einn, þarf traust bakland.
- Sveitarfélög þurfa að vanda vel valið á skólastjórum– skólastjórinn þarf ekki bara að vera faglegur leiðbeinandi heldur frábær stjórnandi.
- Þarf að vera hægt að losa sig við skólastjóra sem ekki standa sig í starfi.

Kennarar:

- Skólinn á að horfa á og vinna með einstaklinginn í heildina – þýðir að starfslýsing, menntun, endurmenntun, starfsumhverfi, stuðningur og kjaramál kennarans þarf að breytast.
- Kennarastarfið hefur breyst – er ekki lengur miðlari eigin þekkingar heldur verkefnisstjóri sem heldur utan um hópinn, skapar forvitni og kennir nemendum að finna upplýsingar.
- Kennarinn er ekki undirbúinn undir breytingu á hlutverki skólans og eigin starfs, veit ekki hvernig á að höndla. Starfið breytist ekki eins og er, heldur er hlutverk uppalandans viðbót.
- Þarf að finna leiðir til að kennarinn upplifi ekki breytingar sem aukið vinnuálag heldur jákvæðar breytingar á starfi og starfsumhverfi.
- Bæta þarf vinnuaðstöðu kennara, t.d. fartölvur fyrir alla, til að þeir geti mætt þörfum og fylgt breytingum.
- Kennarastarfið hefur breyst, er fjölbreyttara og skemmtilega. Kennaranum er hinsvegar stillt upp sem miðpunkt í mjög flóknu samfélagi – sem fræðari, félagsráðgjafi, uppalandi, sálusorgari. Starfslýsing, menntun, stuðningur og laun þurfa að mæta þessu.
- Skóli án aðgreiningar setur kennarann í umönnunar og sérkennsluhlutverk sem hann er ekki búinn undir. eru að skipta á börnum, halda á börnum...hafa

verið skildir eftir óöruggir um það til hvers er ætlast og hvernig þeir eigi að taka á málunum.

- Stækka þarf hlut sálfræðinga, námsráðgjafa, næringarráðgjafa, félagsráðgjafa og fleiri inn í skólana, í stað þess að setja ýmsa ábyrgð sjálfkrafa á kennarana.
- Endurskoða skilgreiningar á vinnutíma kennara, starfi frá 8.30 til 16.30 eins og aðrar faggreinar. Innan þess tíma fái kennarar tíma til að sinna lærdómi, þróun og samstarfi. Til að komist í framkvæmd þarf að endurskoða launakerfi kennaranna.
- Endurmenntunartækifæri fyrir kennara, utan við framhaldsnám í kennslufræðum, eru of fá. Endurmenntunin þarf að vera hluti af starfinu, ekki hluti af sumarfríinu.
- Ekki nóg að lengja kennaramenntunina og bíða síðan í 10 ár með að lengingin skili sér – þarf bráðaaðgerðir fyrr.
- Upplýsingaflæði innan skólanna þarf að aukast – kennarinn upplifir sig enn einangraðri eftir dreifstýringuna.
- Einstakir kennarar virðast vera mjög jákvæðir gagnvart breytingum í skólastarfi og virkir þátttakendur þar í þróun, en samtök kennara virðast iðulega vera á móti breytingum
- Brottfall úr kennarastétt er áhyggjuefni.
- Viðhorf til kennarastarfsins þurfa að breytast, bera þarf meiri virðingu fyrir starfinu og sýna það í verki með menntun, stuðningi, virkum foreldrastuðningi og launum.

Foreldrar:

- Foreldrar gera orðið meiri kröfur fyrir hönd barna sinna, vilja fylgjast meira með og eru meðvitaðri um réttindi og skyldur.
- Peningar fylgja barni, sem býður upp á fleiri einkaskóla og valmöguleika fyrir foreldra og barn.
- Foreldrarnir eru orðnir betur menntaðir, meðvitaðri og gera meiri kröfur.
- Foreldrahreyfingin er orðin miklu sterkari, en má nýta auðinn þar miklu betur. Kennarar eru hins vegar ekki með þjálfun til að höndla þessa auknu þátttöku foreldra.
- Foreldraþátttakan og breyttir vinnuhættir gera auknar kröfur til kennara um ýmislegt sem ekki telst í dag til grunnstarfs – foreldrafundir á kvöldin, ferðir með nemendum...
- Kennarar fá aldrei frið í dag, foreldrar eru miklu meira í samskiptum og þá á öllum tímum sólarhringsins.
- Foreldrasamstarf á að vera á forsendum og ábyrgð skólanna, ekki foreldranna.
- Foreldrar gera þær kröfur að barnið sitt sé að ná árangri – vilja geta valið milli skóla sem hafa ólíkar áherslur.
- Margir foreldrar setja líðan á undan námsárangri í dag.
- Þörf á meiri upplýsingamiðlun til foreldra samhliða einstaklingsmiðuðu námi – grunnupplýsingar um starfið í skólanum, kennslubækur, kennslumat, námskeiðslýsingar, verkefnavinnu – til að geta aðstoðað börnin sín.
- Skólaárið hefur lengst, aðallega vegna kröfu foreldra. Ekki spurt hvað börnin geti höndlað vinnuálagslega séð, eða hvaða tíma þurfi til að ná sér í tiltekna þekkingu.

Nemandinn:

- Þarf að spyrja hvort skólinn er fyrir börnin eða foreldrana? Fyrir börnin, foreldrar eru í hagsmunagæslu og starfsmenn skóla og sveitarfélaga eru þjónustuaðilar.

- Það er erfitt fyrir nemandann að ganga inn í sama húsið og vera hjá sama kennaranum í 10 ár. Á að brjóta þetta upp?
- Leggja á niður skólaskyldu við 12-13 ára aldur. Eftir það taka barnið og foreldrarnir meðvitaða ákvörðun um skólasetu, með tilheyrandi ábyrgð og réttindum.
- Skólakerfið þarf að viðurkenna að fólk er mismunandi og mæta því á þeirra eigin forsendum. Ekki gera ráð fyrir að allir byrji á sama stað og endi á sama stað í þekkingu og hæfni.
- Vandamál að hópur nemenda núna er fjölbreyttari, sem hefur áhrif á stoðþjónustuna og hvað gerist í bekknum.
- Hver einasta barn á að fá verkefni við hæfi – við erum ekki öll miðlungs eitthvað.
- Framtíðin er að skólinn verði opnari og nemendurnir virkir í náminu en sitji ekki bara með bækur við borð.
- Grunnskólinn þarf að undirbúa barnið undir framhaldsskólanám við hæfi, sem leið til að spyrna á móti brottfalli úr framhaldsskólanum.

Kjarasamningur:

- Kjarasamningur fylgir ekki þróuninni. Telur kennslustund t.d. 40 mínútur, en það eru engar kennslustundir til staðar í einstaklingsbundnu námi.
- Kennsluskyldan og bundinn viðverutími í skólum eru lykilmálin í þróun kjarasamningsins.
- Kjarasamningur er skálkaskjól sem hindrun í þróun, vantar forystu og áhuga miklu frekar.
- Þeir skólar sem eru að gera eitthvað nýtt starfa samkvæmt sama kjarasamningi og þeir sem eru ekki að gera mikið.
- Laun kennara þurfa að hækka verulega, en til þess þarf að endurskilgreina starfs skóla og kennara og hugsa síðan allt upp á nýtt út frá því.
- Þarf að finna leiðir til að kennarinn upplifi ekki breytingar sem aukið vinnuálag heldur jákvæðar breytingar á starfi og starfsumhverfi.

12 VIÐAUKI 3 – SAMANTEKT Á ÁLITUM, TILMÆLUM OG SKOÐUNUM

Eftirfarandi var unnið úr samantekt sem fékkst frá menntamálaráðuneyti, um álit, tilmæli og skoðanir hagsmunaaðila er komu fyrir nefnd ráðuneytisins við endurskoðun grunnskólalaga.

Tæknin:

- Námsgögn eru ekki bara námsbækur.
- Skólasöfn og tölvuver renna saman í upplýsingaver sem auðgar skólastarf.
- Nemendur læra að breyta upplýsingum í þekkingu.

Lög, reglur, stefna ríkis:

- Ný grunnskólalög: áhersla ráðuneytis á einfaldan, skýran og sveigjanlegan lagaramma með fjölbreytni og sveigjanleika að leiðarljósi
- Skyldur allra aðila þurfa að vera skýrari, ekki stutt rammalög
- Samskipti ríkis og sveitarfélaga þarf að endurskoða, með það að leiðarljósi að auka og tryggja sjálfsforræði sveitarfélaganna.
- Viljum við fræðsluskyldu í stað skólaskyldu? Hvaða markmiðum á að ná ef slík breyting yrði?
- “Nám án aðgreiningar”, ekki “Skóli án aðgreiningar” (staðarleg aðgreining) ætti skilyrðislaust að vera stefna skólayfirvalda í landinu
- Eftirlitsskylda ráðuneytis gagnvart skólum þarfa að vera skýrari, sem og gæðamat, sérstaklega gagnvart sérfræðipjónustu skóla
- Lögfesta þarf eftirlitsskyldu skólanefnda/skólastjórna v/hvern skóla
- Daglegt frk.vald skólanefnda og skólaskrifstofa þarf að skýra. Vantar sveigjanleika í stjórnarsýsluumhverfinu til nefndaskipunar eftir eðli sveitarfélaga
- Skólanefndir verði heildarstefnumótunaraðilar í sveitarfélaga með eftirlit og úrskurðarvald í umboði sveitarstjórna
- Setja þarf skýrari leikreglur um kröfur til skólanefndarfólks, skipan faglegra nefnda og fræðslu þeim til handa
- Foreldraráð fái aukið hlutverk í daglegri stjórnun skóla
- Lögbinda nemendaráð
- Skólaþróunaráætlanir (umbótaáætlanir) þarf að vinna reglulega
- Skylda sveitarstjóra að setja sér skólastefnu og gera framkvæmdaáætlun. Sveitarfélög bera ábyrgð á rekstri grunnskólans og valdið liggur þar.
- Setja þarf reglur um öryggi og lágmarksaðbúnað nemenda
- Skoða önnur lög hérlendis í samhengi: lögverndunarlög, lög um réttindi og skyldur, æskulýðslög, barnalög, barnaverndarlög og erlenda löggjöf og reglur ESB
- Leggja áherslu á að fleira en námsgreinar sé metið í skólanum, t.d. líðan og velferð
- Aðkoma sveitarfélaga að gerð aðalnámskrár of lítil. Of stýrandi. Aðalnámskrá verði frekar “réttindaskrá” nemenda . Hún verði almennari og styttri.
- Lögverndun kennarastarfsins gengur of langt.
- Skilgreina og treysta þarf betur ábyrgð skólastjóra í grunnskólalögum.
- Skýra betur ábyrgðarmörk skólastjóra og sveitastjórna.
- Gera þarf meiri kröfur um menntun kennara, styrkja hana
- Kjarasamningur of bindandi. Kjarasamningar taki mið af lagarammanum en ekki lagaramminn af kjarasamningum.
- Orkar tvímælis að lögbinda starfshætti í skólum

- Hnykkja þarf á rétti fólks til þjónustu grunnskólans óháð aldri, hafi það dottið út úr kerfinu eða ekki notið þess sem skyldi

Samfélagið:

- Skoða áhrif samfélagsins á skólana. Skipulag skóla miði við það samfélag sem hann starfar í
- Meginhlutverk skólanna er félagslegt, jöfnuður í samfélaginu.
- Aukna samkeppnishugsun þarf inn í skólakerfið, aukinn samannburð milli skóla
- Leggja niður hverfismörk skóla og múra milli sveitarfélaga, val foreldra og nemenda ráði
- Efla tengsl við atvinnulífið. Búa nemendur undir að verða þátttakendur í atvinnulífi morgundagsins.
- Leggja áherslu á nýsköpun og verklega þjálfun - rækta frumkvöðlaanda
- Aukin áhersla á að mikilvægi samstarfs við foreldra allra nemenda (innflytjendur), ábyrgð þeirra og hlutverk í menntun barnanna
- Fá nærsamfélagið til þátttöku í skólastarfi. Færa skólann nær samfélaginu
- Grunnskólar eiga að þjóna lýðræðislegu samfélagi. Engum sé mismunað í skólakerfinu
- Breyta þarf reglum um forræði yfir skólahúsnæði til að opna f. fjölbreyttari félags- og tómstundastarfsemi nemenda og annarra bæjarbúa án þess að skólastjóri sé gerður ábyrgur
- Starfsmenn sem sinna frítímaþjónustu hafi vinnuaðstöðu í grunnskólum
- Skólar geri móttökuáætlanir fyrir innflytjendur og nem. sem stunda nám í hverfisskólum. Öll börn fái móðurmálskennslu og leiða leitað til að þróa fjölbreytta kennsluhætti í því skyni. Skýr laga og reglugerðarákvæði um tvítyngda nemendur, rétt til túlkþjónustu, félagsfærniþjálfunar o.fl.
- Þarf að skilgreina og sinna námsráðgjöf betur.
- Aukið þunglyndi í samfélaginu. Ekki meiri atferlisvandi í skólum en áður. Sálfræðingar anna ekki eftirspurn eftir þjónustu.
- Efla stoðkerfi skólans og auka þjónustu við nemendur. Fleiri fagstéttir komi að málum skólanna. Of margir nemendur koma brotnir úr grunnskólum
- Eineltismál, innflytjendamál og málefni fleiri minnihlutahópa þarf að skoða markvisst og heildstætt, óháð kerfislegri staðsetningu
- Allir sem vinna að uppeldi og menntun barna þurfa að vinna vel saman að sameiginlegu markmiði
- Hnykkja þarf á skyldum samfélagsins gagnvart nem. svo þær séu ekki eingöngu bundnar við grunnskóla
- Verður að búa til reglur um málsmeðferð í tengslum við vistun fósturbarna í sveitum.

Efnahagurinn:

- Endurskoða fyrirkomulag fjárveitinga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Vandinn of sjúkdómsvæddur eins og nú er háttað.
- Fjárveitingar til skóla þurfa að vera í samræmi við markmiðasetningu grunnskólalaga og aðalnámskrár. Fjármagn hefur aukist en ekki í samræmi við auknar kröfur. E.t.v. þarf að nýta fjármagnið betur, endurskoðunar þörf
- Hver á að greiða kostnað við aukna meðferðarvinnu sálfræðinga og stuðning við grunnskólanemendur, þ.e. skóla-, félags- eða heilsugæslu? Verkefna, ábyrgðar- og kostnaðarskorun sem þarf að skilgreina miklu betur
- Komi í ljós að endurskoðun grunnskólalaga leiði til aukins kostnaðar sveitarfélaga. fylgi samsvarandi tekjustofnar þeim verkefnum. (Kostnaðarmat)

Menningin:

- Grunnskólinn er fræðslustofnun (veraldleg stofnun), ekki trúarstofnun né heldur meðferðarstofnun.
- Aðskilja þarf ríki og kirkju.
- Einkynja grunnskóli er lakari, fjölbreytni á vinnustöðum æskileg.
- Ekkert bendir til að staða drengja í skólakerfinu hafi batnað.
- Undirbúningur skólanefndarfólks oft slæmur. Lítið bakland skólastjórnenda í fámennum byggðarlögum.
- Skólaakstur mikill og tímafrekur víða. Vantar reglur.
- Auka svigrúm til heimakennslu.
- Ávísanakerfi í skólakerfinu svo foreldrar/nem. geti valið skóla, rekstrarform o.fl.
- Færa ökukennslu inn í skólana. Hækka bílprófsaldur í 18 ár.

Stjórn málin:

- Brýnt að efla samstarf og samráð ráðuneyta sem fjalla um málefni tengd börnum og unglingum: félagsmála-, heilbrigðis- og menntamálaráðuneyta. Skýra þarf málsmeðferðarreglur, kæruleiðir, verklag o.fl. og samhæfa kerfin með hagsmunum barna að leiðarljósi, sbr. fósturbörn.
- Skýra þarf skil milli uppeldis og kennslu og meðferðar.
- Tengja þarf saman lög um leik-, grunn- og tónlistarskóla=> samrekstur undir einni yfirstjórn
- Börnum á grunnskólaaldri er ekki sinnt af heilbrigðisyfirvöldum hvað varðar meðferðarúrræði
- Stjórnsýslan á grunnskólastiginu er óskýr og ómarkviss...skýra skyldur sveitarfélaga, ákvarðanaferli, málsmeðferðarreglur. Skýra allar kæruleiðir, skapa formlegan farveg fyrir mál...ótækt að ekki sé hægt að áfrýja málum er varða réttindi nemenda til æðri stjórnvalds
- Mjög óþroskað eftirlit með sveitarfélögum hér á landi
- BUGL kerfið er sprungið í dag og finna þarf nýjar leiðir til úrlausnar. Vantar þjónustu fyrir vægari úrræðin.
- Ísl. stjórnvöld verða að tryggja eftirlit með því að öll börn fái kennslu skv. lögum. Læra þarf af reynslunni á Kárahnjúkum.

Alþjóðin:

- Nýta betur ísl. og erl. rannsóknir til stefnumótunar í skólamálum
- Ákv. 30. gr. grunnskólalaga er of fagmiðaðar sbr. áherslur UNESCO hins vegar sem eru faglegar, félagslegar, tilfinningalegar, um samskipti, viðhorf, líðan o.fl.
- Grunnskólalögin taki meira mið af alþjóðasamningum sem Ísl. hefur staðfest
- Niðurstöður Pisa: áhyggjuefni að sjálfstraust stúlkna sé ekki nægjanlegt og að möguleikar drengja hafi ekki orðið fjölbreyttari
- Árangur 15 ára nem. á PISA ekki jafngóður og ætla mætti sé tekið mið af efnahagslegri velsæld
- Erum með þriðju fámennustu bekki innan OECD. Kennurum hefur fjölgað og nem. á hvern kennara fækkað.
- Kennsluskylda í ísl. grunnskólum með því lægsta innan OECD.
- Skoða hugmyndir Dana um 11. bekk
- Auka þarf menntun hérlendis skv. OECD Economic Survey 2006, og framlög á hvern grunnskólanemenda.

Grunnskólinn:

- Á að stytta grunnskólann eða nemendur byrji fyrr? Skóladvöl á grunnskólastigi á að vera 9-11 ár.

- Grunnskólinn í vanda, virðing of lítil í samfélaginu, endurhugsa þarf kennaramenntun
- Foreldrar aðilar að stjórnun skóla og virkari eftirlitsaðilar. Sjálfstætt starfandi skólastjórnir. Vantar raunverulega foreldrasamstarfsmenningu í grunnskólann
- Fámennir skólar eiga undir högg að sækja. Auka möguleika svf. á samrekstri skóla. Sníða starfseminni stakk eftir vexti.
- Gjaldfrjáls grunnskóli ...lengja grunnmenntun til 18 ára aldurs, 12-14 ára grunnskóli og náin, lögbundin tengsl við leikskólann (4-18?)
- Auka sveigjanleika á eldri stigum grunnskóla sérstaklega
- Varhugavert að skipta námi í bóklegt og verklegt nám, þarf að þjálfva báða þætti
- Nám verði heimilað á 2 skólastigum samhliða. Áhersla á fljóttandi skil en skýra þarf hvaða ferli á að viðhafa og hvað þýðir. Hvenær hefur nem. lokið grunnskóla?
- Skólar íhaldssamir í kennsluskipulagi, ytri ramminn getur verið hamlandi á þróun skólastarfs...losa um taumana og treysta skólunum og sveitarfélaga til að reka skólana.
- Samfella allra skólastiganna. Skólastigin tala ekki nóg saman.
- Afnema viðmiðunarstundaskrá og aðalnámskrá verði ekki bindandi...miða eigi við markmið menntunar
- Þróa fleiri árangursmælikvarða en bóklega eingöngu, fyrir öll skólastig
- Óeðlilega lágt hlutfall nemenda hér á landi á toppnum, sbr. PISA
- Tryggja þarf faglegt sjálfstæði sálfr.þjónustu skóla og meðferð trúnaðargagna.
- Hlutverk sérfræðiþjónustu var þrengt of mikið við síðustu endurskoðun á lögum og reglugerð. Heilbrigðiskerfið þarf að koma á mótí með skýrara hlutverk.
- Sérfræðiþjónusta skóla: of mikil áhersla á sálfr.- og sérkennsluráðgjöf. Á að snúast meira um stofnanir, þróun þeirra og heildarþróun
- Skólafélagsráðgjafi og námsráðgjafi vinni hlið við hlið í skólum, ekki aðeins annar hvor undir starfsheiti þess síðarnefnda.
- Skýra þarf rétt nemenda til að tjá sig um ákvarðanir sem varða þau sjálf
- Vinna þarf forvarnarstarf í geðheilbrigðismálum í skólunum
- Skipulag kennslu á unglíngastigi er afleitt fyrir ADHD unglínginga
- Setja í lög skyldu til forvarnarstarfs í grunnskólum á sviði kynferðislegs ofbeldis. Verklag í skólum þarf að vera klárt. Ath. skólaheilsugæsluna
- Forvarnarfulltrúa í hvern skóla.
- Auka þarf samstarf sérfræðiþjónustu og félagsþjónustu sveitarfélaga. Skilgreina þarf hugtök
- Gamaldags að sérfræðingar ráði því hvar og með hvaða hætti sérfræðiþjónusta fer fram: tal-, sjúkra-, iðjuþjálfun o.s.frv. Vantar gæðaeftirlit
- Setja þarf upp teymi innan skóla eða sveitarfélaga, samstarf skóla-, félagsþjónustu og heilsugæslu gagnvart börnum í vanda. Næsta skref að vísa til sjúkrastofnana ef um geðraskanir er að ræða
- Fræðsluskrifstofnarnar gömlu leystu þessi mál betur af hendi en nú er gert í sveitarfélögum. Skólasálfræðingar vísi málum til heilsugæslu sem standi að greiningu og vísi áfram á BUGL sé þess þörf
- Tryggja talþjálfun
- Skerpa áherslur grunnskólans á jafnrétti kynjanna. Nem. fái fræðslu um mannréttindi og mannúð og unnið sé að forvörnum og heilsu.
- Kenna skyndihjálpi
- Áhersla á vímulausan grunnskóla og þróun lífsleikni
- Auka vægi verklegra þátta í námgreinum og listgreina, bæta stöðu danskennslu. Samþætta skóla og íþróttastarf nem.
- Ekki auka bóklega kennslu á kostnað íþróttar og hreyfingar. Efla sundkennslu.

- Auka vægi neytendafræðslu og gerð námsefnis.
- Efla náms- og starfsfræðslu
- Auka kennslu og æfingar í samskiptum og félagslegri færni
- Auka val nem. um áherslur í námi.
- Auka vægi lesturs og lesskilnings, menningarlæsis og menningaruppeldis.
- Tíminn eftir samræmd próf nýtist illa til kennslu
- Samfelldur skóladagur, samfelld þjónusta við nemendur (íþróttir og tómstundir). Skólarnir nýti sérfræðiþekkingu og sjálfböðastarf frjálsra félaga við skipulag skólastarfs
- Skólaárið of langt fram á vor. Vetrarfrí ekki gefist sem skyldi
- Setja þarf markmið agamála í framkvæmanlegt form. Þjargir skóla til lausn vandamála þurfa að vera skýrar
- Lögbinda hámarksfjölda nem. í bekk
- Verksvið og verkaskipting skólans og stjórnenda sé skýrt sem og milli skóla, sveitarfélaga og foreldra
- Koma þarf á stuttu réttindanámi fyrir reynslumikla kennara til grunnskólakennararéttinda
- Tryggja aðkomu kennara að daglegri stjórnun skóla og stefnumótun, efla kennararáð
- Lykilhugtök: Sköpunarkraftur, frumkvæði, frelsi og sjálfstæði, sveigjanleiki, fjölbreytni, virkjun ólíkra hæfileika, sérkenni fái að njóta sín, gæði og mat á árangri
- Ekki ástæða til að lengja skólaskylduna til 18 ára. Koma heldur betur til móts við þarfir og áhuga nem í framhaldsskóla svo þeir geti allir lokið e-u námi
- Skólinn of prófamiðaður. Líta þarf á hverja kennslugrein sem eina samfellda línu. Ekki skiptir máli hvort áfangi er tekinn í grunn- eða frh.skóla, sbr. listnám
- Treysta grunnskólanum fyrir útskrift úr grunnskólum og frh.skólar innriti í því ljósi
- Koma þarf upp gæðastöðlum svo tryggt sé að þekkingin sé matshæf sama hvar eða hvernig numin
- Skilgreining á hlutverki kennarans taki mið af fjölbreyttu skólastarfi
- Taka upp morgunsöng í skólum.
- Þróun þekkingarsamfélagsins byggir á samfellu í námi frá leikskóla til háskólagráðu
- Áhersla á að efla kennslu og þjálfun í verk- og raungreinum.
- Áhersla á nýsköpunarnám og frumkvöðlakennslu í skólum. Sköpun er grundvöllur framfara
- Margir kennarar vanbúnir til að takast á við stærðfræðikennslu í grunnskóla líka á yngsta stigi. Gera stærðfræðimenntun í KHÍ meira aðlaðandi fyrir nem. af náttúrufræðibrautum.
- Takmarka tíma sem skólastjórnendur eru ráðnir til skóla
- Þarf betra eftirlit með Námsmatsstofnun
- Jákvætt að flytja grunnskóla til sveitarfélaganna. Styttri boðleiðir innan kerfis
- Ekki nægilega góð reynsla af flutningi grunnskóla. Mörg sveitarfélög ekki tilbúin til að greiða fyrir kennara á námskeið
- Lögbinda skyldu til stofnunar nemendaverndarráðs
- Stytting frh.skóla gæti aukið enn frekar á bóklegar áherslur í grunnskóla.
- Auka þarf eftirlit með grunnskóla og faglega aðstoð við kennara, koma á „inspektorakerfi“
- Betra samræmi milli verkefnavals í menntarannsóknnum og þarfa stefnumótunar og þróunar í skólastarfi

Annað:

Spá um meginhneigðir í þróun grunnskólans næstu áratugi - KHÍ

- Nemendum fjölgar
- Áhugasvið nemenda breiðkar
- Hæfni nemenda dreifist meira
- Sveigjanleiki í námi og kennslu vex
- Fjölbreytni þarfa og viðbragða við þeim verður enn meiri, t.d. fjölmennung. Skóli fyrir alla án aðgreiningar festist í sessi. Meiri sátt verði um stefnuna í samfélaginu, alls konar útfærslur.
- Einstaklingsmiðun náms og námsmats eykst. Stöðlun minnkar, t.d. samræmd próf og viðmiðunarstundaskrá.
- Hagsmunir nemenda verða viðurkenndir í raun æðri hagsmunum starfsmanna.
- Notkun tæknimiðla til náms eykst.
- Mikilvægi félagslegra, menningarlegra og sögulegra þátta vex og viðurkennt verður að merkingarbært nám eigi sér stað í slíku samhengi.
- Verknám dregst saman, listnám stendur í stað, bóknám vex.
- Skólabyggingar verða sveigjanlegri og nýttast betur.
- Skólatími lengist. Bæta þarf nýtingu tímans.
- Skólaform verður fjölbreyttara. Valfrlsi foreldra og nemenda eykst.
- Náandarstjórnun á skólum fer vaxandi. Miðlægt vald kennarasamtaka fer þverrandi.
- Gæðakröfur neytenda aukast, ekki síst um kennslu.
- Starfsstéttum í skólum fjölgar.
- Áhrif foreldra fara vaxandi. Semja þarf um rétt þeirra og skyldur gagnvart skólum.
- Stuðningsþjónusta sveitarfélagsins verður í auknum mæli felld inn í daglegt starfs skólans.
- Skýra hlutverk kennara í skólum, ábyrgð, ath. ákvæði um réttindi og skyldur, einnig réttindi og skyldur foreldra og nemenda.